Framúrskarandi
fyrirtæki 2024
CREDITINFO

Framúrskarandi fyrirtæki eru fyrirmynd í rekstri

Það er 1.131 fyrirtæki á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki í ár. Þetta eru ánægjulegar fréttir því að fyrirtækjum á listanum hafði lítið fjölgað eftir heimsfaraldurinn árið 2020. Þetta eru líka uppörvandi fréttir því að ýmislegt hefur gengið á undanfarna mánuði og ár. Háir vextir eru að sliga heimili og fyrirtæki, sundrung virðist vera að aukast í samfélaginu og fylgifiskur þess (eða undanfari) er aukið ofbeldi og svo virðast ráðamenn ekki geta staðið við skuldbindingar sínar lengur en örfá ár í einu með tilheyrandi stjórnarslitum sem óhjákvæmilega auka á óróleika og hafa áhrif á efnahagsmálin.

Fyrirtæki sem eru Framúrskarandi takast á við allar þessar áskoranir, rétt eins og aðrar áskoranir, sigrast á þeim og eru reynslunni ríkari. Það er aðdáunarvert. Það er ekki síst aðdáunarvert í ljósi þess að það er krefjandi að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að fá Framúrskarandi vottun, og sum fyrirtæki ná þeim árangri ár eftir ár. Til þess þarf miklu meira en eingöngu að vera réttum megin við núllið þótt það sé vissulega mikilvægt. Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf., leggur áherslu á þetta í blaðinu í dag en þar kemur fram að Sorpurðun Vesturlands hefur alltaf farið vel með fjármagn og nýtt fjárfestingar vel. „Við leggjum áherslu á að borga allar skuldir sem við höfum þurft að stofna til í gegnum árin vegna framkvæmda og skuldum ekki neitt í dag. Við erum með litla sem enga yfirbyggingu og erum bara mjög einfalt fyrirtæki," segir hún.

Það er margt annað sem þarf að huga að til að skara fram úr sem fyrirtæki, eitt af því er að laða að hæfileikaríkt fólk og halda því í vinnu því að atvinnumarkaðurinn í dag er mun breytilegri en hann hefur lengi verið. Til að fá gott starfsfólk þarf að líta til annars en eingöngu launa, fólk þarf að finna að það geri gagn og það vill finna fyrir ástríðu í starfi. Vafalaust er ástríðan eitt af því sem einkennir flest Framúrskarandi fyrirtæki. Eða eins og Birkir Már Benediktsson, framkvæmdastjóri Cozy Campers, orðar það: „Ég legg áherslu á opnar samskiptaleiðir svo hver starfsmaður skynji ábyrgð sína og mikilvægi í rekstrinum. Í rauninni erum við meira eins og fjölskylda en fyrirtæki. Teymið okkar er ómetanlegt."

Því er þannig farið með lífið að það eina sem er öruggt er að það mun breytast og áskoranir skella á okkur með reglulegu millibili. Með framúrskarandi starfsfólki er auðveldara að takast á við allar áskoranir sem fyrirtæki standa frammi fyrir. Hér eru aðeins nefnd tvö af þeim fyrirtækjum sem fjallað er um í þessum blaðauka sem helgaður er Framúrskarandi fyrirtækjum. Hvert og eitt þessara fyrirtækja er fyrirmynd í rekstri en það á þó ekki eingöngu við um fyrirtækin í blaðinu heldur öll fyrirtækin á listanum. Þau geta státað af stöðugleika, skynsömum rekstri og framúrskarandi starfsfólki. Sterkar og öflugar fyrirmyndir í traustum og fjölbreyttum rekstri. Sem betur fer því að það er grundvöllur hagvaxtar að við rekum blómlegt atvinnulíf á Íslandi.

Svanhvít Ljósbjörg Gígja

Hagnaður frá upphafi

Valgerður Skúladóttir framkvæmdastjóri Sensa er stoltust af því að Sensa hefur frá upphafi verið rekið með hagnaði.

Skuldum ekki neitt

Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands ehf., segir að fyrirtækið leggi áherslu á að borga allar skuldir sem það hefur þurft að stofna til.

Þakklátur bakari

Snorri Stefánsson eigandi Sauðárkróksbakarís er þakklátur fyrir viðskiptavini sína og starfsfólkið.

Fjölskyldufyrirtæki

KAPP byrjaði sem lítið fyrirtæki og hefur því breyst mikið með árunum, að sögn Elfu Hrannar Valdimarsdóttur sem er einn eigenda KAPP.

Vinnusemi borgar sig

Lykillinn að því að vera framúrskarandi fyrirtæki er gamla góða vinnusemin, að sögn Birkis Más Benediktssonar, eiganda Cozy Campers.

Hvað gerir fyrirtæki Framúrskarandi?

Framúrskarandi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að vera stöðug fyrirtæki sem byggja rekstur sinn á sterkum stoðum og efla hag allra. Til þess að teljast Framúrskarandi þurfa fyrirtækin að uppfylla ströng skilyrði sem eru listuð hér fyrir neðan.

- Fyrirtækið er í lánshæfisflokki 1-3.
- Ársreikningi skal skilað lögum samkvæmt eigi síðar en átta mánuðum eftir uppgjörsdag. Tekið verður tillit til allra opinberra framlenginga RSK á skilafresti.
- Fyrirtækið er virkt skv. skilgreiningu Creditinfo.
- Rekstrartekjur að lágmarki 60 milljónir króna reikningsárið 2023, 55 milljónir króna reikningsárið 2022 og 50 milljónir króna reikningsárið 2021.
- Fyrirtæki með rekstrartekjur yfir 2 milljörðum króna þurfa að fylla út spurningalista um sjálfbærni.
- Framkvæmdastjóri skráður í fyrirtækjaskrá RSK.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) > 0 reikningsárin 2021-2023.
- Jákvæð ársniðurstaða reikningsárin 2021-2023.
- Eiginfjárhlutfall a.m.k. 20% reikningsárin 2021-2023.
- Eignir að minnsta kosti 120 milljónir króna reikningsárið 2023, 110 milljónir króna reikningsárið 2022 og 100 milljónir króna reikningsárið 2021.

Creditinfo áskilur sér rétt til að fjarlægja fyrirtæki tímabundið af lista, svo sem vegna opinberra rannsókna sem geta haft stórfelld áhrif á fyrirtækið.

Útgefandi Árvakur í samstarfi við Creditinfo **Umsjón** Svanhvít Ljósbjörg Gígja **Blaðamenn** Elínrós Líndal elinros@mbl.is Svanhvít Ljósbjörg Gígja svanhvit@mbl.is **Auglýsingar** Berglind Guðrún Bergmann berglindb@mbl.is **Grafík** Sigurður B. Sigurðsson **Forsíða** Axel Sigurðarson **Prentun** Landsprent ehf.

Unnið í samstarfi við CREDITINFO

BUILD YOUR DREAMS

UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA Í BYD ATTO 3

KOMDU OG REYNSLUAKTU BYD ATTO3,
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR

BYD ATTO 3 verðlistaverð kr. 6.490.000

Styrkur frá Orkusjóði -900.000

VERÐ KR. 5.590.000

204 hestöfl | 60 kwh rafhlaða | 420-565 km drægni

BYD Atto3 er rafdrifinn, nettur jepplingur með hágæða frágangi og nútima útliti.
Atto3 er fyrsti billinn frá BYD sem smíðaður er á nýja undirvagninn e-Platform 3.0.
Hann er með nútímalegt og ungæðislegt útlit og er hlaðinn búnaði í staðalgerð.
ATTO 3 hraðar sér úr 0 í 100 km/klst á **7,3 sekúndum**.

Nánari upplýsingar á byd.is

BYD ER STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI

Vatt ehf. Skeifunni 17 / byd.is / soludeild@vatt.is/ Sími 568 5100

vatt ehf

„Stöðugleiki og skynsamlegur rekstur ratar hins vegar ekki alltaf á síður fjölmiðlanna og þess vegna er mikilvægt að hafa vettvang eins og Framúrskarandi fyrirtæki til að vekja athygli á þessum einstöku fyrirtækjum," segir Hrefna Sigfinnsdóttir framkvæmdastjóri Creditinfo.

Fleiri Framúrskarandi fyrirtæki þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi

Einungis um 2,5% íslenskra fyrirtækja komast inn á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki en Creditinfo hefur valið fyrirtæki á þann lista í 15 ár, að undangengnum fjölda skilyrða. Það er því alls ekki auðvelt að komast á listann og sérstaklega í ár, að sögn Hrefnu Sigfinnsdóttur framkvæmdastjóra Creditinfo. „Árið 2024 hefur verið krefjandi í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja vegna hárra vaxta, kjarasamninga og ólgu á alþjóðamörkuðum. Það er því ánægjuefni að sjá að fyrirtækjum er að fjölga á listanum okkar á milli ára undir svona erfiðum aðstæðum. Þrátt fyrir að við höfum hert kröfur til að komast á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki þá hefur fyrirtækjum á listanum fjölgað um 12% í 1.131 fyrirtæki. Fyrirtækjum er því aftur að fjölga á listanum eftir litla fjölgun í kringum covid-19-faraldurinn. Þrátt fyrir þessa fjölgun, sem er ánægjuleg, skiptir miklu máli að ná verðbólgunni niður til að hægt sé að skapa tryggara rekstrarumhverfi fyrir íslenskt atvinnulíf."

Stöðugleiki og skynsamlegur rekstur

Eitt af þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að komast á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki er meðal annars að hafa náð rekstrarhagnaði yfir þriggja ára tímabil og Hrefna talar um að það sé því í raun verið að veita viðurkenningu fyrir stöðugan rekstur. „Stöðugleiki og skynsamlegur rekstur ratar hins vegar ekki alltaf á síður fjölmiðlanna og þess vegna er mikilvægt að hafa vettvang eins og Framúrskarandi fyrirtæki til að vekja athygli á þessum einstöku fyrirtækjum. Ég held að það sé óhætt að segja að flest ef ekki öll fyrirtækin á listanum hafi staðið af sér margvíslegar áskoranir en með því að sýna ráðdeild í rekstri og þrautseigju hafa þau haldið velli í áranna rás. Það skiptir máli fyrir íslenskt efnahagslíf að hér starfi stöðug og traust fyrirtæki. Þetta eru sterkar fyrirmyndir enda er traustur og fjölbreyttur rekstur undirstaða hagsældar."

Framúrskarandi fyrirtækjum hefur fjölgað um 12% á milli ára og eru nú 1.131 fyrirtæki.

Mikill metnaður

Spurð hvort það sé meira krefjandi fyrir lítil fyrirtæki en stór að fá vottun Framúrskarandi fyrirtækja segir Hrefna að stærð fyrirtækisins skipti ekki miklu máli hvað varðar líkur á að uppfylla skilyrðin. „Að öðru leyti en því að fyrirtæki sem velta yfir tveimur milljörðum eru líka spurð út í sjálfbærnimál. Við sjáum frekar að það sé munur á milli atvinnugreina hversu krefjandi það er fyrir fyrirtæki að verða Framúrskarandi. Það er því sérstakt ánægjuefni að sjá að fyrirtækjum í krefjandi atvinnugrein eins og ferðaþjónustunni er að fjölga á listanum í ár. Við höfum aukið kröfur um sjálfbærni til fyrirtækja ár frá ári og horft til getu fyrirtækjanna til að svara spurningum sem að þeim er beint. Við sjáum að kröfur eru almennt að aukast til fyrirtækja til að standa að betri upplýsingagjöf þegar kemur að sjálfbærni. Er það bæði vegna nýrra krafna í lögum en einnig vegna þess að fjárfestar og lánastofnanir hafa metnað fyrir því að huga að sjálfbærniþáttum við ákvarðanatöku. Uppbygging listans hefur ekki breyst mikið vegna þessara auknu krafna en metnaður fyrirtækjanna í málaflokkunum er miklu frekar það sem stendur upp úr."

Áreiðanleg gögn

Þá talar Hrefna um að vissulega sé sumt í mati á Framúrskarandi fyrirtækjum huglægt en matið fari engu að síður mjög faglega fram. „Við leggjum mikla áherslu á að taka ákvarðanir byggðar á áreiðanlegum gögnum. Við lögðum því mikla vinnu í að hafa nálgunina faglega strax í byrjun og byggja ákvörðunina á áreiðanlegum upplýsingum um sjálfbærniþætti fyrirtækja. Þannig sjá fyrirtækin að mestu um valið á listann sjálf, það er út frá þeirra eigin svörum. Á þessum þremur árum höfum við líka lagt okkar af mörkum varðandi upplýsingar um sjálfbærniþætti í rekstri innlendra fyrirtækja. Við höfum þróað okkar eigin sjálfbærniviðmót sem við köllum Veru en þar má finna sjálfbærniupplýsingar um öll innlend rekstrarfélög."

Framúrskarandi starfsfólk

Þegar komið er inn í Framúrskarandi fyrirtæki má gjarnan sjá merkingu þess efnis að fyrirtækið sé Framúrskarandi uppi á vegg og Hrefna talar um að það sé ánægjulegt hversu stolt forsvarsmenn og starfsmenn Framúrskarandi fyrirtækja eru. „Framúrskarandi merking er gjarnan áberandi í auglýsingum fyrirtækja og hefur hún jafnframt verið nýtt til að ná fram bættum kjörum hjá erlendum birgjum. Mörg Framúrskarandi fyrirtæki nýta ekki aðeins vottunina í að sýna hana út á við heldur kjósa að flagga henni innanhúss á meðal starfsmanna. Svo er það gjarnan áberandi í viðtölum við forsvarsmenn Framúrskarandi fyrirtækja að þeir þakka fyrst og fremst starfsfólki sínu fyrir framúrskarandi árangur fyrirtækisins. Og það er eðlilegt að vera stoltur því það er gjarnan þrotlaus vinna starfsfólks Framúrskarandi fyrirtækja sem stuðlar að árangri þeirra. Svo getur vottunin haft jákvæð áhrif á reksturinn auk þess sem hún hefur jákvæð áhrif á starfsöryggi í fyrirtækjum. Eins getur vottunin laðað að nýtt starfsfólk en flestir vilja vinna hjá fyrirtæki sem gengur vel og er með rekstraröryggi. Vottunin getur líka skipt sköpum upp á aðgengi að fjármagni bæði frá birgjum og lika frá bönkum."

Jákvæð gleðihátíð

Til að fagna og hylla Framúrskarandi fyrirtæki stendur Creditinfo fyrir hátíð í Hörpu miðvikudaginn 30. október en þar verður boðið upp á skemmtilega og ófhefðbundna dagskrá. Hrefna segir að í raun sé þetta uppskeruhátíð fyrir góðan rekstur og hún hlakkar mikið til að fagna þessum frábæra árangri með fyrirtækjunum sem eru á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki. „Við erum kannski oft dugleg að beina sjónum að því sem er neikvætt í íslensku samfélagi en á gleðihátíðinni okkar beinum við eingöngu sjónum að því sem er jákvætt. Það er grundvöllur fyrir hagvöxt að við rekum blómlegt atvinnulíf á Íslandi."

FRAMÚRSKARANDI
JÓLAGJAFIR

DRYKKJARMÁL

YETI fylgir þér hvert sem er.

Margir litir í boði
í öllum tegundum
og stærðum.

Tvöfalt ryðfrítt stál með lofttæmingu
á milli laga tryggir bestu mögulegu
einangrun. Heldur köldum og
heitum drykkjum lengur og betur.

Sjáðu **YETI**
drykkjarmálin
í netverslun.

1000 ml
Kanna með tvöföldu plastloki og röri.
8.595 kr.

1200 ml
Kanna með tvöföldu plastloki og röri.
8.995 kr.

769 ml
Flaska með skrúfuðu loki. Rör fylgir flöskunni og stútur sem hægt er að opna og loka fyrir.
7.995 kr.

1000 ml
Flaska með loki sem skrúfast á drykkjarstút.
9.495 kr.

769 ml
Flaska með loki sem skrúfast á drykkjarstút.
8.595 kr.

532 ml
Flaska með skrúfuðu loki.
6.495 kr.

354 ml
Flaska með skrúfuðu loki.
5.995 kr.

590 ml
Drykkjarglas með tvöföldu plastloki með renniloku fyrir drykkjaop.
6.495 kr.

296 ml
Drykkjarglas með tvöföldu plastloki með renniloku fyrir drykkjaop.
5.495 kr.

177 ml
2 stk kaffibollar með DuraSip™ keramik húðun að innanverðu.
8.695 kr.

FERÐAKAFFIVÉLAR

Tíu dropar hvar sem er.

Sjáðu allar
ferðakaffivélarnar
í netverslun.

Minipresso NS2
Þú fyllir vatnsgeyminn af sjóðandi vatni og uppáhalds kaffihylkið þitt fer í hinn endann Vélin er svo handpumpuð í 18 bör og ljúft kaffið streymir í bollann.
10.995 kr.

Outin Nano
Espresso kaffivél knúin rafhlöðu. Tekur bæði kaffihylki og malað kaffi.
26.995 kr.

Nanopresso
Þú fyllir vatnsgeyminn af sjóðandi vatni og uppáhalds kaffihylkið eða malað kaffi fer í hinn endann. Vélin er svo handpumpuð í 18 bör og ljúft kaffið streymir í bollann.
14.995 kr.

2017 – 2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Framúrskarandi fyrirtæki 2010-2024

TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS

Sensa

Valgerður Hrund Skúladóttir

Valgerður Hrund Skúladóttir er leiðtogi sem hefur látið til sín taka í upplýsingatækni í þrjá áratugi. Hún er framkvæmdastjóri Sensa.

Morgunblaðið/Eyþór Árnason

Starfsfólkið er lykill að velgengni

Ég var 25 ára þegar ég fékk fyrst mannaforráð og þegar ég lít til baka hugsa ég með mér hvað þessi unga kona sem ég var vissi í raun lítið. Satt best að segja þá villtist ég inn í upplýsingatæknina fyrir þrjátíu árum," segir Valgerður Hrund Skúladóttir framkvæmdastjóri Sensa. „Ég lærði rafmagnsverkfræði og það var kreppa á þeim tíma, þetta var í kringum árið 1994 og bitnaði ástandið sérstaklega mikið á verkfræðingum. Ég hafði hætt í vinnunni minni og var ekki búin að hugsa það skref til enda þegar Guðný Harðardóttir hjá Strá heyrði í mér og hvatti mig til að fara í viðtal hjá Tæknivali. Mér leist nú bara alls ekki vel á það í byrjun. Ég man að hún sagði: „Farðu bara að hitta þá. Þetta eru alveg rosalega skemmtilegir strákar,"" segir Valgerður og brosir.

Atvinnuviðtalið var fyrir utan þægindaramma Valgerðar en hefur greinilega gengið glimrandi vel. „Já, svona líka. Ég vissi ekkert hvað þeir voru að tala um í viðtalinu en daginn eftir var mér boðin vinna sem vörustjóri hjá Novell NetWare. Ég vissi ekkert hvað ég var að fara að gera en ég var ekki með vinnu og vildi prófa starfið í nokkra mánuði til að kynna mér upplýsingatækni. Þessi tími var æðislegur því það var svo mikið af spennandi verkefnum sem maður gat sagt já við og hlaupið áfram með. Ég fékk að stýra allskonar verkefnum og deildum á þessum tíma," segir Valgerður sem kom meðal annars CISCO-þjónustunni inn í Tæknival á þessum tíma. „Það kom seinna í ljós að það myndi breyta lífi mínu þar sem ég stofnaði Sensa árið 2002, utan um sölu og þjónustu CISCO," segir hún og bætir við: „Það hefur nú ýmislegt gerst frá þeim tíma en í dag erum við tæplega 160 sem störfum fyrir fyrirtækið. Við erum í eigu norska fyrirtækisins Crayon Group AS og erum með starfsfólk í Noregi, Ástralíu, Serbíu, Finnlandi, Svíþjóð, Malasíu, Filippseyjum og Nýja-Sjálandi svo eitthvað sé nefnt."

Þess má geta að Crayon er alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar sínar í Ósló í Noregi. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 4.000 starfsmenn og er fyrirtækið með yfir 50 starfsstöðvar í 40 löndum. Fyrirtækið er leiðandi á heimsvísu í upplýsingatækni og stafrænum lausnum. „Sensa er þó sjálfstætt fyrirtæki og starfar á þeim grunni sem það hefur gert frá upphafi," útskýrir Valgerður.

Aldrei verið drifin áfram af veltu

Tekjur Sensa á síðasta ári voru ríflega 6,2 milljarðar íslenskra króna sem er talsverður vöxtur frá fyrri árum. „Ég er ekki upptekin af veltutölum heldur er ég stoltust af því að Sensa hefur frá upphafi verið rekið með hagnaði. Ástæðan fyrir því er án efa sú að við rekum fyrirtækið af mikilli varfærni og við höfum ekki verið að vaxa með því að skuldsetja okkur," segir Valgerður.

Síminn keypti Sensa árið 2007. „Þá tókum við yfir alla upplýsingatæknideildina þeirra. Við keyptum síðan fyrirtækin Basis og Hux og svo keypti Crayon okkur af Símanum. Þetta er löng saga sögð í stuttu máli en það sem ég er stoltust af í sögu okkar er annars vegar að vera rekin með hagnaði frá upphafi og svo er það hópurinn sem stendur á bak við rekstur-inn. Hann hefur verið ótrúlegur í gegnum árin," segir Valgerður.

Tæknin er ekki óskeikul og eru viðskiptavinir Sensa fyrirtæki og stofnanir sem gera kröfur um hátt þjónustustig og áreiðanleika í viðskiptum. „Þess vegna skiptir öllu máli að vera með gott fólk. Einkunnarorðin okkar eru: Okkur er ekki sama," segir Valgerður og útskýrir dýpri meiningu þeirra orða. „Það á við svo margt. Okkur er ekki sama um viðskiptavininn sem er í fyrsta sæti hjá okkur en margir þeirra hafa verið með okkur frá upphafi. Okkur er ekki sama um hvert annað, ekki sama um samstarfsaðila okkar og okkur er ekki sama um eigendur Sensa."

Hún viðurkennir að það geti verið kvíðavaldandi að þurfa að gera allt fyrir alla. „Hér ypptir enginn öxlum og ýtir frá sér verkefnum heldur tekur ábyrgð og finnur verkefnunum réttan farveg. Það eiga ekki allir að leysa allt heldur erum við meðvituð um að við erum hluti af miklu stærri hóp sem stendur með okkur."

Ertu búin að vera með sama starfsfólkið lengi?

„Það eru aðilar sem hafa verið með okkur í tuttugu ár, fimmtán ár og tíu ár. Svo erum við einnig með starfsfólk sem kemur nýtt inn og lætur til sín taka sem er mjög verðmætt líka," segir Valgerður.

Alin upp við að standa sína vakt

Þeir sem þekkja til Valgerðar vita að hún er reynslumikill en mjög hógvær leiðtogi í eðli sínu. Svo er hún talin mjög góð í að tengjast fólki. „Ætli ég sé ekki bara alin þannig upp. Maður tranar sér ekki fram, svo má alltaf deila um hvort ég geri það eða ekki," segir hún og brosir. „Eins hrósar maður sér ekki af verkum sínum. Ég er alin upp við að standa mína vakt og ekki að bíða eftir því að einhver komi til mín eða klappi fyrir mér. Maður þarf að varðveita sitt eigið innra virði og þarf svolítið að standa í því," segir Valgerður og bætir við að hún sé að þessu sögðu mjög meðvituð um að hún geri ekki hlutina ein.

„Ég er með svo frábært fólk með mér. Sem dæmi Ómar Henningsson en við erum búin að vinna saman í þrjátíu ár. Við héldum upp á það í maí á þessu ári. Ég er svo hrikalega heppin þegar kemur að fólki. Stundum horfi ég yfir hópinn hér í Sensa og velti fyrir mér hversu heppin ég er. Starfsfólkið er lykillinn að velgengni okkar að mínu mati," segir Valgerður.

Viðskiptavinir Sensa eru af öllum stærðum og gerðum og bjóða þjónustu sem þarf að vera pottþétt. „Það sem mér finnst skipta máli í þessu samhengi er að ég er með fólk í vinnu og við erum öll mennsk. En þegar menningin er þannig að þú getur teygt þig í næsta mann og fengið stuðning þá eru minni líkur á mistökum."

Þar sem allt snýst um gögn

Það er áhugavert að ræða við Valgerði um tækni. Þjónusta Sensa snýst í stuttu máli um gögn. „Sensa er upplýsingatæknifyrirtæki sem sér um hýsingu, rekstur og sérfræðiþjónustu í upplýsingakerfi fyrirtækja og stofnana. Af því að allt snýst um gögn hjá okkur má segja að við fylgjum gögnunum alla leið. Frá því að þau verða til, hvort heldur sem er hjá notanda við vinnslu eða inni í fyrirtækinu. Síðan sjáum við um að gögnin séu flutt þangað sem þau eiga að fara á öruggan hátt. Að gögnin séu geymd á öruggan hátt, að þau séu afrituð á öruggan hátt, að þau séu skipulögð þannig að hægt sé að nýta þau og að það sé öruggur, þægilegur aðgangur að gögnunum fyrir þá sem eiga að nota þau," segir Valgerður og bætir við að skýjavegferð fyrirtækja geri það að verkum að nú sé hægt að tryggja að verið sé að geyma gögnin á réttum stöðum, með sveigjanleika og hagkvæmni í huga.

„Við teljum okkur vera í mest spennandi iðnaði sem völ er á. Við fáum verkefni frá útlöndum og flytjum þau til landsins. Það eru ekki bara tæknistörf í boði í upplýsingatæknifyrirtækjum heldur þarf að hugsa frjótt og horfa á hvað er verið að biðja um. Upplýsingatækni er meira en bara tækni, hún krefst einnig hugvits og við þurfum sífellt að vera að skoða hvernig við notum tæknina til að vinna skynsamlega og á öruggan hátt. Ég sé mörg tækifæri til að stækka og finnst framtíðin ótrúlega björt," segir Valgerður Hrund Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa.

Framúrskarandi alla daga

Við erum stolt af því að vera framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo

Við trúum því að öruggt og aðlaðandi umhverfi sé grundvöllur verðmætari vinnuviku fyrir starfsfólk og samfélagið allt. Þess vegna leggjum við metnað í að búa til nærandi umhverfi fyrir fyrirtæki og stofnanir framtíðarinnar. Þannig tökum við þátt í að gera alla daga framúrskarandi.

Framúrskarandi fyrirtæki 2023-2024

dagar.is

580 0600

Alþjóðasetur
Sigríður Vilhjálmsdóttir

Sigríður Vilhjálmsdóttir framkvæmdastjóri Alþjóðaseturs horfir björtum augum á framtíðina.

„Stærsta þjónustufyrirtæki landsins á þessu sviði“

Alþjóðasetur er rótgróið og leiðandi fyrirtæki á sviði alhliða tungumálaþjónustu á Íslandi. Helstu þjónustuflokkar okkar eru túlkun, þýðingar og neyðarþjónusta á öllum sviðum fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina,“ segir Sigríður Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðaseturs ehf.

Samfélagið hefur breyst töluvert mikið frá stofnun Alþjóðaseturs árið 2008 en það á sér farsæla 16 ára samfellda rekstrarsögu. „Fyrirtækið á sér jafnvel enn lengri sögu og á í raun rætur sínar að rekja til Alþjóðahúss, sem starfrækt var sem samstarfsverkefni sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Rauða krossins fram til ársins 2008,“ segir Sigríður.

Starfsemi Alþjóðahúss var á mörgum sviðum fjölþjóðamenningar en árið 2008 var starfseminni skipt upp og tók þá nýstofnað Alþjóðasetur við tungumálaþjónustunni. „Vöxtur fyrirtækisins hefur verið þó nokkur, sem endurspeglast af þróun í málefnum ferðaþjónustu, innflytjenda og almennrar fjölþjóðavæðingar landsins síðastliðin ár. Við erum stærsta þjónustufyrirtæki landsins á þessu sviði og höfum ávallt markað okkur stöðu og stefnu með gæði og hátt þjónustustig að markmiði. Við erum í dag með langtímasamninga við ríkið og borgina, sveitarfélögin og spítala svo dæmi séu tekin,“ segir Sigríður og bætir við að heilsugæslur og heilbrigðisstofnanir, skólar, leikskólar og félagsmálastofnanir um allt land séu einnig á langtímasamningum. „Ásamt fjölmörgum einkafyrirtækjum af ýmsum stærðargráðum.“

Sinna einnig neyðarþjónustu

Helstu þjónustuþættir Alþjóðaseturs eru túlkun, þýðingar og neyðarþjónusta. „Þessir þættir geta tekið á sig ýmsa mynd. Túlkun getur farið fram á staðnum en einnig í síma, á símafundum eða myndfundum. Við sinnum einnig túlkun á stórum fundum, sem dæmi á starfsmannafundum, á ráðstefnum, fyrir dómi, í sjónvarpsútsendingum og fleira,“ segir Sigríður.

Sérfræðingar Alþjóðaseturs eru með margs konar þekkingu, enda geta þýðingar verið á almennum texta en einnig sértækum og tæknilegum texta, löggiltum skjölum og myndefnistextun. „Alþjóðasetur sinnir einnig neyðarþjónustu, án fyrirvara, allan sólarhringinn er þörf er á, alla daga ársins.“

Tekjur Alþjóðaseturs hafa aukist yfir 100% á undanförnum fimm árum og á síðasta ári voru þær yfir 500 milljónir íslenskra króna. Vöxturinn hefur því verið töluverður og stöðugur.

Sigríður segir það mikinn heiður fyrir fyrirtækið að vera valið í hóp Framúrskarandi fyrirtækja á þessu ári. „Við erum ótrúlega stolt og ánægð með þann árangur að vera komin í hóp 2% fyrirtækja landsins sem uppfylla þessi ströngu rekstrarskilyrði. Við teljum þessa viðurkenningu vera merki um gæði þess mikilvæga og góða starfs sem okkar fólk sinnir á degi hverjum, og þeim traustu viðskiptasamböndum sem við höfum byggt upp undanfarin árin,“ segir hún og bætir við að í raun hafi þau verið að fá mörg verðlaun undanfarið. „Við fengum sem dæmi annað árið í röð viðurkenningu frá Jafnvægisvog FKA 2024 fyrir jöfn kynjahlutföll í stjórn.“

Tekjurnar aukist verulega

Tekjur Alþjóðaseturs hafa aukist yfir 100% á undanförnum fimm árum og á síðasta ári voru þær sem dæmi yfir 500 milljónir íslenskra króna. „Reksturinn hefur gengið með prýði undanfarin árin. Við höfum kappkostað að tryggja gæði og menntun og standa undir stigvaxandi eftirspurn með góðum mannauði og tæknilausnum. Svo hefur vöxturinn verið töluverður og stöðugur og eru aukin umsvif að miklu leyti tengd þróun í innflytjenda- og ferðamannamálum, fjölþjóðasamfélagsvæðingu og mannréttindum. Aukin umsvif hafa hvatt okkur til að byggja upp stærsta hóp landsins af hæfu tungumálafólki, og við höfum haldið vel utan um gæðamál í tengslum við hæfi aðila, menntunarkröfur og rekjanleika gagna.“

Það hefur verið mikilvægur þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins að leggja áherslu á tæknivæðingu að sögn Sigríðar. „Við erum að nota upplýsingakerfi í skýinu og allir starfsmenn okkar notast við sérhannað snjallforrit sem útlistar verkefni þeirra og verkbeiðnir og skráir vinnu þeirra í rauntíma. Snjallforritið tekur við rafrænni undirskrift viðskiptavinar, sem er nákvæmt og gott. Upplýsingarnar flæða svo beint út í reikningagerð. Ásamt því að bjóða upp á rafrænt pantanaferli erum við að sjálfsögðu með öflugt þjónustuver til að vinna úr öllum pöntunum sem okkur berast,“ segir hún.

Jafnvægi og skynsemi hafa skipt Sigríði miklu máli þegar kemur að rekstrinum, ekki síst með breyttu umhverfi vegna ferðaþjónustunnar og aðfluttra til landsins. „Eftirspurn hefur vissulega tengst töluvert þróun í ferðaþjónustu og málefnum innflytjenda hverju sinni. Við höfum stýrt okkur haganlega í gegnum þessar sveiflur og alltaf lagt áherslu á að mæta eftirspurn með sem bestum hætti. Við teljum þó ljóst að ferðaþjónusta og fjölþjóðamenning á Íslandi séu komin til að vera, líkt og í öðrum löndum í kringum okkur og í alþjóðasamfélaginu í heild,“ segir Sigríður og bætir við að tungumálaþjónusta brúi bilið á milli fólks og spili mikilvægt hlutverk í alþjóðasamfélaginu sem fari stöðugt vaxandi. „Í því samhengi má nefna að á alþjóðlegum mælikvarða er þessi þjónustugeiri að velta rúmum 70 milljörðum bandaríkjadollara árlega.“

Túlkaþjónusta hluti af mannréttindum

Sigríður talar um sjálfsögð mannréttindi þegar kemur að túlkaþjónustu. „Í raun telst það til staðlaðra mannréttinda að fá túlkaþjónustu í kjarnainnviðum samfélagsins, sem dæmi í heilbrigðismálum, félagsmálum, menntamálum, dómsmálum og löggæslumálum. Þjónustan er því lögbundin mannréttindi. Við lítum á að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins sé ágætlega góður og stöðugur til framtíðar litið. Horft fram á veginn erum við að leggja bæði stefnu og áherslu á tæknina. Við höfum nú þegar bætt verkferla okkar með því að tæknivæða pantanaferli, tímaskráningu, rafrænar undirritanir og reikningagerð. Við erum spennt fyrir framþróun gervigreindar í þessum málefnum og stefnum á að nýta hana sem best. Þótt gervigreindin sé ekki að koma í stað manneskja í túlkun eða mikilvægum þýðingum getur þessi tækni orðið mikilvægt hjálpartól fyrir starfsmenn okkar til að hámarka afköst og gæði þeirra. Við stefnum svo að sjálfsögðu á að vera áfram framúrskarandi, með því að vera með framúrskarandi starfsfólk og halda áfram að byggja á grunngildum okkar um gæði, traust og áreiðanleika,“ segir Sigríður Vilhjálmsdóttir framkvæmdastjóri Alþjóðaseturs.

BM·VALLÁ

FRAMÚRSKARANDI FYRIR VISTVÆNNI MANNVIRKJAGERÐ

Við erum stolt af því að tilheyra hópi framúrskarandi fyrirtækja. Drifkraftur okkar til árangurs er að bjóða upp á vistvænni steypu fyrir mannvirkjagerð og minnka þannig kolefnissporið í greininni.

Nýlega var BM Vallá valið **umhverfisfyrirtæki ársins** sem staðfestir að áherslur okkar í umhverfis- og loftslagsmálum hafi skilað framúrskarandi árangri.

bmvalla.is bmvalla@bmvalla.is 412 5000

2024
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS

Framúrskarandi fyrirtæki 2021-2024

Flúðasveppir

Georg Ottósson

Georg Ottósson, eigandi og framkvæmdastjóri Flúðasveppa.

„Svepparækt er skemmtileg“

Ég tók við rekstri Flúðasveppa árið 2005 en fyrirtækið var stofnað árið 1984. Fyrsta árið í rekstri framleiddum við 500 kíló af sveppum á viku og þótti það mjög góð framleiðsla. Nú framleiðum við 11 tonn á viku svo ræktunin hefur aukist talsvert. Við ræktum þrjár tegundir af sveppum sem eru hvítu matarsveppirnir, kastaníusveppir og portobello-sveppirnir sem þykja sérstaklega góðir fyrir meltinguna,“ segir Georg Ottósson, eigandi og framkvæmdastjóri Flúðasveppa ehf. sem er svepparæktun skammt frá Flúðum á Suðurlandi.

Flúðasveppir veltu rúmum 688 milljónum króna á síðasta ári en veltan var 450 milljónir árið 2019. Eignir félagsins voru metnar rúmar 539 milljónir í lok ársins í fyrra. „Ég er einn eigandi fyrirtækisins, sem vekur athygli margra því yfirleitt er búið að selja svona félög eins og mitt inn í lífeyrissjóðina. Það eru fáir með fyrirtækin alveg á sinni könnu nú til dags. Ég er einnig með annað Framúrskarandi fyrirtæki sem er garðyrkjustöðin Flúðajöfri ehf. Það fyrirtæki er hér við hliðina á Flúðasveppum, svo rek ég Farmers Bistro í húsnæði Flúðaveppa,“ segir Georg um umfang rekstursins og bætir við að tekjur Flúðajöfra í fyrra hafi verið um 400 milljónir.

Á tvö fyrirtæki af sex á listanum

Það voru sex fyrirtæki á Flúðum valin á lista Framúrskarandi fyrirtækja 2024. „Ég á tvö þeirra sem hlýtur að teljast góður árangur,“ segir Georg og brosir. Þótt reksturinn gangi vel þarf alltaf að vanda sig að mati Georgs. „Viðskiptavinirnir eru ekki í áskrift og við verðum að passa að vera með samkeppnishæft verð. Ég bý án efa að því að hafa verið stjórnarformaður Sölufélags garðyrkjumanna í 25 ár,“ segir Georg sem var í hópi þeirra sem komu að samvinnufélagi Sölufélagsins á sínum tíma. „Síðar breyttum

Georg Ottósson eigandi Flúðasveppa framleiðir 11 tonn af sveppum vikulega.

við samvinnufélaginu í hlutafélag og eru Flúðajöfri og Flúðasveppir stærstu hluthafar í Sölufélaginu.“

Sölufélag garðyrkjumanna velti í fyrra tæpum fimm milljörðum íslenskra króna svo Georg hlýtur að vera mikill sérfræðingur í að búa til verðmæti á þessu sviði. „Ég er nú bara lærður íþróttakennari og var 23 ára þegar ég kom fyrst á Flúðir sem kennari. Ég byrjaði að setja niður nokkrar kálplöntur og fékk góða uppskeru. Þetta var á þeim tíma þegar kennarar höfðu aðeins lengra sumarfrí. Í upphafi tengdist áhugi minn á garðyrkju því að mig langaði að búa til vinnu fyrir börnin mín á sumrin. Þess vegna stofnaði ég Flúðajöfra árið 1977 ásamt fyrrverandi eiginkonu minni. Við eigum fjögur uppkomin börn í dag, þrjú af þeim eru viðskiptafræðingar og er ég rosalega stoltur af þeim. Þegar við hittumst þá koma oft upp skemmtilegar samræður frá þessu tímabili. Þau vilja meina að þetta fallega litla fjölskyldufyrirtæki hafi á köflum verið hálfgerður þrældómur. Það er nú meira sagt í gamni en alvöru en þarna lærðu þau að vinna fyrir lífinu. Í dag rækta þau ekki grænmeti, heldur mannauðinn og viðskipti,“ segir Georg og það er auðheyrt á honum að ungt fólk geti lært ýmislegt sér til gagns og gamans í gegnum garðyrkju.

Flúðasveppir áttu fjörutíu ára afmæli nýverið. Ragnar Kristinn Kristjánsson stofnaði fyrirtækið og rak það í tuttugu ár áður en Georg tók við því. Spurður hvað hafi gerst í neyslu landsmanna á sveppum sem olli því að framleiðslan hafi aukist svona mikið segir hann sveppi í tísku. „Þegar pítsurnar urðu vinsælar á Íslandi jókst salan á sveppum til muna. Svo hefur sveppaneysla aukist jafnt og þétt í gegnum árin, líklegast þegar okkur hefur tekist að auka fjölbreytileika í matargerð.“

Áhugavert að verða ræktunarþjóð

Þegar kemur að starfsumhverfi sveppaframleiðenda er auðheyrt á Georg að landsmenn þyrftu að fara í stefnumótun þegar kemur að garðyrkju almennt. Það hvort við viljum álver eða gróðurhús er góð spurning að velta upp að hans mati. „Ef við viljum vera ræktunarþjóð þurfum við að vinna að því að vera samkeppnishæf á því sviði. Margar vörur sem eru innfluttar til landsins eru ekki gerðar með sömu aðferðum og við notum. Ég er ekki á móti innflutningi en við verðum að taka afstöðu í þessum málum og passa upp á hagsmuni okkar. Stóru verslunarkeðjurnar gefa okkur góð pláss í verslunum sínum en við höfum þurft að hafa fyrir því að ná þangað. Rafmagnsreikningurinn okkar er hár, bæði í svepparæktun sem og í gróðurhúsunum. Við notum heilmikla orku í svepparæktina, aðallega þegar við erum að búa til rotmassann. Í svepparæktinni fáum við ekki gróðurhúsataxta í raforkuflutningi. Svo erum við á frjálsum markaði með að kaupa orkuna. Það er búið að segja okkur upp þegar kemur að samningi um orkuna sem er búið að standa til að gera lengi. Orkufyrirtækin vilja hærra verð til sín, svo ekki sé talað um ef orkuskortur verður í landinu fá þeir rafmagnið sem borga aðeins meira fyrir það. Það kemur illa niður á okkur. Allt að 80% of orku landsins fara til álveranna, restin fer í allan annan iðnað og heimilin í landinu nota ekki nema um fimm prósent af allri orku. Við þurfum á góðu verði að halda til að vera á réttu róli,“ segir hann og bætir við: „Svepparækt er skemmtileg, svo ekki sé talað um alla þá góðu rétti sem elda má úr sveppum. Sveppir eru í tísku og sé ég áhuga á þeim bara vaxa með árunum líkt og í Evrópu. En maður ræktar ekki sveppi einn og er ég einstaklega þakklátur fyrir starfsfólkið mitt sem hefur unnið með mér að þessu góða verkefni. Það sem mig langar að gera í framtíðinni er að halda áfram á sömu braut og auka við tegundir í framleiðslu í framtíðinni,“ segir Georg Ottósson eigandi Flúðasveppa.

FYRIR YKKUR
SEM ERUÐ AÐ
PLANA, PÆLA OG
ENDURHUGSA
Framúrskarandi
fyrirtæki 2024
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Þróun fjölda Framúrskarandi fyrirtækja 2010-2024



Framúrskarandi fyrirtæki 2023 eftir stærðarflokkum

Lítið	226	20%
Meðalstórt	586	52%
Stórt	321	28%

Framúrskarandi fyrirtæki 2024 eftir landshlutum

Höfuðborgarsvæðið	773
Suðurland	89
Norðurland eystra	86
Suðurnes	54
Vesturland	45
Austurland	41
Norðurland vestra	28
Vestfirðir	17

2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024

Framúrskarandi sjö ár í röð

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu þjóðarinnar. Hlutverk okkar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsvirkjun

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Eignaumsjón
Daníel Árnason

Daníel Árnason framkvæmdastjóri Eignaumsjónar hefur gegnt stöðu sinni í 17 ár.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Brautryðjendur í rekstrarumsjón

Við sérhæfum okkur í að bjóða upp á faglega og trausta þjónustu með gagnsæjum verkferlum og öflugri upplýsingagjöf. Þannig gerum við rekstur húsfélaga og atvinnuhúsa bæði markvissari og hagkvæmari," segir Daníel Árnason framkvæmdastjóri Eignaumsjónar, fyrirtækis sem stofnað var árið 2000. „Tíminn líður hratt og hef ég nú fengið að leiða fyrirtækið sem framkvæmdastjóri þess í 17 ár. Það hefur verið heillaríkur og góður tími," segir hann.

„Eignaumsjón býður húsfélögum þrjár mismunandi leiðir í þjónustunni allt eftir því hvers mikla þjónustu þau vilja nýta sér. Þjónustuleið eitt snýr að öllu sem tengist fjármálum húsfélagsins, í þjónustuleið tvö bætist við að halda utan um aðalfundinn og í þjónustuleið þrjú er innifalin þjónusta í gegnum þjónustuverið og ráðgjöf varðandi reksturinn. Fjárreiður og bókhald er því sú grunnþjónusta sem í boði er. Við höfum gengist undir endurskoðun til að fá viðurkenningu á því að við höfum hugað að öryggismálum í verkferlum okkar."

Daníel segir að í upphafi starfseminnar hafi fyrirtækið fyrst og fremst verið að reyna að slökkva elda í bókhaldi, fundamálum og fjárreiðum viðskiptavina sinna. „Nú er komin dýpri þekking á málaflokknum og hjá okkur starfar margt vel menntað og reynslumikið starfsfólk sem styður húsfélögin áfram á fjölmörgum sviðum. Það er nefnilega býsna margt sem getur steðjað að í húsfélagi í dag," segir Daníel.

Hafa tvöfaldað rekstrartekjurnar

Það hefur gengið vel í rekstri Eignaumsjónar í gegnum árin. Rekstrartekjur Eignaumsjónar fóru úr rúmum 316 milljónum árið 2019 í rúmar 650 milljónir í fyrra. Á sama tímabili jukust eignir félagsins úr rúmum 85 milljónum í rúmar 205 milljónir. Þörfin fyrir þjónustu fyrirtækisins er ekki að minnka með árunum, nema síður sé. „Húsin eru sífellt að verða tæknilegri í utanumhaldi. Í raun má segja að hús séu að verða flókin fyrirbæri, bara kerfin í húsunum eru þannig að best er að hafa sérfræðinga í utanumhaldi á þeim. Við erum með verkfræðing til þess að greiða úr slíkum málum og styðja eigendur í því hvert leita skal þegar eitthvað bjátar á," segir Daníel.

Aðspurður hvað stór fasteign er í hans huga svarar Daníel snöggur upp á lagið: „Það eru fasteignir með 100-200 íbúðir í utanumhaldi. Slíkar fasteignir reyna á fjölmarga þætti í þjónustu til að halda öllum boltum á lofti."

Umsýsla í kringum þjónustu við leigufélög um fasteignir hefur verið að aukast með árunum. „Leigusalar sem eiga fjölda eigna leita til okkar í auknum mæli til að sjá um samskipti við leigutaka, innheimtu og aðra þjónustu. Við erum með trausta ferla sem létta þeim störfin. Í seinni tíð höfum við sett athygli í þá þjónustuliði sem snúa að flóknum tæknilegum hlutum. Við höfum sem dæmi einfaldað rekstur rafhleðslukerfa fyrir rafbíla með því að sjá um innheimtu þeirra með húsgjöldum. Lesið er sjálfvirkt af kerfum inn í tölvukerfin okkar og notkunin er send út með húsgjaldaseðlum í staðinn fyrir að hafa þessi gjöld til hliðar við húsfélagið," segir Daníel og nefnir annað dæmi um skemmtilega nýjung í húsnæði landsmanna sem krefst umsýslu fyrir húseigendur og leigusala. „Hér áður fyrr gengu allir með lykla í vasanum. Nú er komið nýtt kerfi á markaðinn þar sem dropar eða kort eru notuð til að komast inn í sameignir og íbúðir. Við bjóðum upp á að halda utan um aðgangsstýringarmál í staðinn fyrir að það sé á borði einhvers í húsinu, sem gæti flutt út með stuttum fyrirvara og þá fer þekkingin úr húsinu. Þetta reynum við að gera með öruggum og skilvirkum hætti þannig að fólk geti treyst því að aðgangsréttindamálin í húsinu séu í lagi," segir hann.

Reka um 1.200 húsfélagskennitölur

Umfang starfsemi Eignaumsjónar er mikið. „Við keyptum keppinaut með 230 félög í sinni umsjón. Það jók umfang okkar en í dag rekum við í kringum 1.200 húsfélagskennitölur sem þýðir í kringum 25 þúsund íbúðir og atvinnurými. Slíkt umfang krefst skipulagningar og skilvirkni svo ekki sé minnst á þróun á upplýsingakerfi sem hentar starfseminni. Starfsfólk Eignaumsjónar er orðið 50 talsins og má segja að við höfum í raun og veru alveg hreint ágætis yfirlit yfir allan þennan fjölda," segir Daníel.

Hvernig var að fá viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki 2024?

„Við erum með sterk gildi og vinnum eftir markmiðum félagsins sem eru meðal annars að halda fyrirtækinu í góðum rekstri. Það er ánægjulegt að hljóta þessa viðurkenningu núna því lengi framan af var töluverð barátta að halda jákvæðum afkomutölum og fjárhag. Reksturinn er krefjandi, og leggja þarf í kostnað við upplýsingakerfin svo dæmi séu tekin. Sá kostnaður ásamt launakostnaði vill vanalega éta tekjurnar okkar og rúmlega það," segir Daníel og bætir við að ánægjulegt sé að ná til lands í þeim málum. „Styrk afkoma tryggir að félagið hafi tök á að þroskast áfram."

Er þakklátur fyrir starfsfólkið

Þau fyrirtæki sem skara fram úr á markaði leggja vanalega mikla vinnu í mannauðsmálin. „Okkur hefur tekist að laða til okkar mjög hæfileikaríkt og gott starfsfólk. Ég vil meina að menningin hjá okkur sé einstaklega jákvæð og góð. Ef ég ætti að segja frá daglegri starfsemi á vinnustaðnum þá myndi ég segja okkur eiga líflegt starfsmannalíf. Það voru að koma til okkar sex nýir starfsmenn sem fylgdu með í kaupunum á fyrrgreindu fyrirtæki sem við keyptum í fyrravor. Ég er gríðarlega ánægður með þá einstaklinga og mér heyrist að þau séu einnig hæstánægð með okkur á nýja vinnustaðnum sínum. Við vorum jafnframt að flytja á aðra hæð á Suðurlandsbraut 30, í stærra húsnæði sem er glæsilega innréttað svo nú fer sannarlega vel um okkur í vinnunni," segir Daníel.

Þegar kemur að framtíðinni, þá er markmiðið að halda áfram að þróa þjónustu til hagsbóta fyrir fasteignaeigendur í landinu. „Við eigum möguleika á að geta birt tölfræði rekstrarkostnaðar og samanburðartölur, svo ekki sé verið að bera saman appelsínur og epli í rekstrarkostnaði fasteigna heldur epli og epli. Á þessari braut verða áherslur okkar í náinni framtíð. Spurningin „hvað ertu að borga há húsgjöld" segir okkur ekki neitt því við þurfum að vita hvað er innifalið í þessum kostnaði. Í dag höfum við vissulega tækifæri til að veita upplýsingar og taka saman samanburðartölur, og höfum við gert slíkt fyrir einstaka aðila. Mestöll vinna okkar fer þó í að koma þessum upplýsingum inn í sjálfvirkari kerfi þannig að eigendurnir sjálfir geti leitað að þessum upplýsingum í Húsbókinni okkar sem er þjónustuleið sem finna má á mínum síðum viðskiptavina okkar. Í henni má finna upplýsingar um eignaskiptayfirlýsingar fasteigna, tryggingarskírteini, hvernig tryggingum er háttað, fundargerðir, fjármál og fleira. Húsbókin gefur upplýsingar um fjárreiður dagsins í dag. Markmiðið er að vera stöðugt að skoða hvernig við getum notað Húsbókina til að koma meiri upplýsingum til eiganda og bæta þannig þjónustuna."

Fara aldrei fram fyrir eigendur

Það skiptir máli fyrir Daníel að vera fær í því að taka við verkefnum sem komin eru í slæma stöðu. Að rétta við rekstur og koma málunum í betra horf. „Engin tvö mál eru eins og ástæðurnar fyrir áskorunum geta verið svo margar. Fjárhagslegur vandi, ágreiningur innan félags og svo mætti lengi áfram telja. Við erum hækjan sem þessi mál þurfa og förum aldrei fram fyrir eigendur í nokkrum málum. Enda erum við að vinna í þeirra þágu og með þeim. Ég get því alveg sagt við alla þá sem eru í vandræðum með húseignir sínar að koma bara og tala við okkur," segir Daníel Árnason framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

Fjárhagsleg heilsa fyrir þitt fyrirtæki

Við höfum reynslu, ástríðu og réttu lausnirnar svo að fyrirtækið þitt sé við sem bestu fjárhagslegu heilsu.

Fjárhagsleg heilsa er ólík í hugum fólks en við trúum því að góð yfirsýn yfir fjármálin og upplýstar ákvarðanir séu lykilatriði. Hvort sem það er fjármögnun vegna kaupa á atvinnuhúsnæði, greiðsla til erlendra birgja, uppsetning á netbanka fyrir bókarann eða einfaldlega spjall um framtíðina, þá erum við á vaktinni fyrir þig og þitt fyrirtæki.

Sorpurðun Vesturlands

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf.

Þurfum að fara vel með jörðina

„Við höfum ekki áhuga á að fá of mikið af úrgangi til urðunar," segir Hrefna Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf. Hún er ein af fáum leiðtogum á framúrskarandi fyrirtækjalistanum fyrir árið 2024 með þau skilaboð til viðskiptavina sinna. „Fyrirtækið er einfalt í sniðum og reksturinn gengur vel. Ég er í hálfu starfshlutfalli við framkvæmdastjórn félagsins en tveir til þrír starfsmenn vinna á urðunarstað. Fyrirtækið er einfalt í sniðum þó starfsemin geti vissulega verið flókin," segir hún.

Hrefna Bryndís hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra síðastliðin 25 ár, eigendur fyrirtækisins eru sveitarfélögin á Vesturlandi. „Við urðum úrganginn í Fífilholti á Mýrum í Borgarbyggð. Urðunarstaðurinn hefur verið rekinn á því landi frá árinu 1999 og þjónustum við svæði frá Hvalfirði í suðri til Gilsfjarðar í norðri, eða níu sveitarfélög með um 17.500 íbúa. Að auki höfum við á síðustu árum tekið við úrgangi frá fimm sveitarfélögum á Vestfjörðum með um 6.000 íbúa," segir Hrefna Bryndís og bætir við að jörðin sem sorpurðunin stendur á sé um 1.570 hektarar að stærð en urðunin sjálf tekur einungis nokkra hektara.

„Við höfum leitast við að minnka urðun og sinnt ákveðinni hagsmunagæslu til að reyna að bregðast við breyttum veruleika í förgun á úrgangi, endurvinnslu og flokkun. Við notum talsvert af verktökum, en starfsemin er ekki mannaflafrek."

Ekki æskilegt í hringrásarhagkerfinu

Það er áhugavert að ræða við Hrefnu Bryndísi um urðun, sér í lagi þegar hún fer að tala um hagsmunagæslu og hringrásarhagkerfi. „Við viljum koma sem flestu frá því að lenda í jörðinni og þess í stað koma úrgangi í brennslu eða einhvers konar endurvinnslu. Við erum síðasta úrræðið fyrir sorp, eins og sagt er, og vil ég vinna að því að ganga lengra í því," segir hún.

Ertu í skemmtilegu starfi?

„Já heldur betur! Starfið mitt er mjög skemmtilegt. Ég er fædd og uppalin í Borgarnesi og er sveitastelpa í mér. Að vinna í óbyggðunum hentar mér vel. Ég hef alltaf fundið mig í svona verkefnum," segir hún.

Þegar kemur að áherslumálum í rekstri fyrirtækisins er greinilegt að Hrefna Bryndís er ekki mikið fyrir skuldir. „Við leggjum áherslu á að borga allar skuldir sem við höfum þurft að stofna til í gegnum árin vegna framkvæmda og skuldum við ekki neitt í dag. Það er meginástæða þess að við erum valin Framúrskarandi fyrirtæki 2024 að mínu mati. Við höfum alltaf náð að fara vel með fjármagn og að nýta fjárfestinguna sem við höfum farið í. Við höfum rekið fyrirtækið mjög hagkvæmt, meðal annars með því að vera ekki með fleira starfsfólk en við þurfum hverju sinni. Við erum með litla sem enga yfirbyggingu og erum bara mjög einfalt fyrirtæki. Á sama tíma og við höfum reynt að fá úrgang í aðra farvegi vegna umhverfisáhrifa höfum við náð að pota gjaldskránni okkar aðeins upp," segir Hrefna Bryndís.

Umhverfið er snyrtilegt hjá Sorpurðun Vesturlands sem er Framúrskarandi fyrirtæki.

Markmið hringrásarhagkerfisins birtist okkur meðal annars í aukinni flokkun við heimili. „Við urðum vör við miklar breytingar á þessu fyrir um tveimur árum eða þegar fleiri tunnur voru settar upp við heimili okkar. Um leið og við byrjum að vinna betur úr hráefnunum þá erum við að nýta betur þann efniviið sem finnst í úrgangi. Við viljum til dæmis endurvinna plast og pappa, endurnýta fatnað eins mikið og hægt er enda hafa loppumarkaðir sprottið upp víða. Svo brennum við úrgang, bæði hér á landi og erlendis. Um leið og við vinnum betur úr hráefnunum þá erum við að nýta jörðina okkar betur," segir Hrefna Bryndís.

Draumur að fá brennslustöð til landsins

Sorpurðun Vesturlands hf. er með grænt bókhald og útskýrir Hrefna Bryndís það þannig: „Grænt bókhald er skilgreint sem efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Við skráum allt hjá okkur, hvaða magn kemur á urðunarstaðinn, hvaða flokkar úrgangs berast til okkar og fleiri upplýsingar sem eru alltaf aðgengilegar þeim sem hafa áhuga á að skoða þær. Utanumhaldið með starfseminni okkar er talsvert mikið og þarf að vera nákvæmt því við störfum samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, sem einnig sér um eftirlit með starfseminni. Eins eru tekin sýni á rekstrarstað reglulega þar sem vottaður aðili tekur sýni til efnagreiningar. Við höfum staðið okkur nokkuð vel í öllu þessu utanumhaldi en það var mikið lán fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi að eignast þetta fyrirtæki á sínum tíma," segir hún.

Hvers óskar þú þér sem tengist framtíðinni?

„Óskastaðan er að sjá urðunina minnka enn frekar. Að það komi aðrar lausnir fyrir flestan úrgang. Ég vil sjá brennslustöð á Íslandi, betri úrvinnslu úr dýrahræjum og sláturúrgangi og að við höldum áfram að búa til verðmæti úr þeim úrgangi sem er verðmætur, svo sem járni svo eitthvað sé nefnt. Bara það að fá heimilin til að flokka betur hefur skapað meiri verðmæti í endurvinnsluefnum."

Hrefna Bryndís segir synd að flytja úrgang til annarra landa. „Við flytjum sorp til brennslu til Danmerkur og Svíþjóðar. Það er ein lítil brennslustöð í Helguvík á Reykjanesi en hún afkastar litlu miðað við þörf okkar á landsvísu. Ef við fjárfestum í brennslustöð þá næðum við markmiðum laganna að koma úrgangi í viðurkennda farvegi," segir hún.

Kórónuveirufaraldurinn bjó til áskorun

Það er ýmislegt sem við landsmenn höfum kannski ekki hugsað út í þegar kemur að sorpinu okkar. „Við kórónuveirufaraldurinn kom upp áskorun á þessum vettvangi. Þá voru flutningar á milli landa með úrgang til brennslu í Evrópu stopp. Þessu var eins farið hérlendis þar sem sorpið sem alla jafna var flutt úr landi safnaðist bara upp hér heima á Íslandi. Flutningur sorps var einfaldlega stöðvaður vegna smitsjúkdóma. Það eru því margir fletir á þessum málum og vil ég hvetja almenning til að halda áfram að setja sig inn í þau. Fólk á öllum aldri er að sýna starfsemi okkar áhuga enda getum við sammælst um að umhverfismálin og jörðin varðar okkur öll," segir Hrefna Bryndís.

Aðspurð um hvaða sorp kemur í urðun til hennar nefnir hún sem dæmi húsgögn sem ekki er lengur not fyrir, heimilisúrgang sem ekki næst að flokka við heimili, úrgang frá atvinnulífinu og fleira. „Á næsta ári tökum við í notkun nýja urðunarrein og þegar hún verður tilbúin til notkunar áætla ég að átta hektarar muni geyma rusl Vestlendinga allt frá aldamótum," segir Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands.

KRAFTSAMLA

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

IKEA er í glæsilegum hópi Framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Við erum sterk þegar við treystum hvert öðru, stefnum í sömu átt og höfum gaman af samstarfinu. Í Smálöndunum í Svíþjóð er þessi samvinnukraftur kallaður „kraftsamla“ og er hann okkur ávallt hvatning til að halda áfram á sömu braut fyrir íslenskt atvinnulíf og framgang þess.

© Inter IKEA Systems B.V. 2024

Stórt fyrirtæki: Eignir yfir 1.000 milljónir króna. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Topp 20

Stór Framúrskarandi fyrirtæki

Nr.	Nafn	Heimili	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eigið fé alls	Eiginfjárhlutfall
1	**Landsvirkjun**	Reykjavík	Framleiðsla rafmagns	Hörður Arnarson	492.261	321.992	65%
2	**Síldarvinnslan hf.**	Neskaup-staður	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Gunnþór Björn Ingvason	149.669	87.777	59%
3	**Brim hf.**	Reykjavík	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Guðmundur Kristjánsson	142.924	71.158	50%
4	**Eimskipafélag Íslands hf.**	Reykjavík	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Vilhelm Már Þorsteinsson	93.135	46.967	50%
5	**Embla Medical hf.**	Reykjavík	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Sveinn Logi Sölvason	188.730	96.022	51%
6	**Reitir fasteignafélag hf.**	Reykjavík	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Guðni Stiholt Aðalsteinsson	193.381	60.273	31%
7	**Össur Iceland ehf.**	Reykjavík	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Sveinn Logi Sölvason	37.452	22.986	61%
8	**Eik fasteignafélag hf.**	Reykjavík	Leiga atvinnuhúsnæðis	Garðar Hannes Friðjónsson	141.629	49.023	35%
9	**Kaupfélag Skagfirðinga svf.**	Sauðár-krókur	Stórmarkaðir og matvöruverslanir	Þórólfur Gíslason	88.594	58.573	66%
10	**Ísfélag hf.**	Vest-manna-eyjar	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Stefán Baldvin Friðriksson	109.557	75.477	69%
11	**Hagar hf.**	Reykjavík	Stórmarkaðir og matvöruverslanir	Finnur Oddsson	77.214	28.188	37%
12	**Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.**	Hnífsdalur	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Einar Valur Kristjánsson	24.890	10.166	41%
13	**Marel hf.**	Garðabæ	Framleiðsla á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksvinnslu	Árni Sigurðsson	391.270	156.761	40%
14	**Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**	Reykjavík	Skaðatryggingar	Hermann Björnsson	69.305	23.321	34%
15	**Vinnslustöðin hf.**	Vest-manna-eyjar	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson	62.512	17.831	29%
16	**Heimar hf.**	Kópa-vogur	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Halldór Benjamín Þorbergsson	192.865	57.778	30%
17	**Bjarg íbúðafélag hses.**	Reykjavík	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Björn Traustason	55.100	26.873	49%
18	**Eimskip Ísland ehf.**	Reykjavík	Millilanda- og strandsiglingar með vörur	Rósa Guðmundsdóttir	45.158	17.031	38%
19	**Landsnet hf.**	Reykjavík	Flutningur rafmagns	Guðmundur Ingi Ásmundsson	151.669	69.122	46%
20	**Festi hf.**	Kópavogur	Önnur blönduð smásala	Ásta Sigríður Fjeldsted	96.032	35.842	37%

Þjónusta og sérþekking síðan 1956

Timbur síðan 1956: Timbur er okkar kjarnavara

Leiðandi í nýjungum: Fyrir fagfólk og heimili í 70 ár

Þjónusta um land allt: 13 timbursölur og sérþekking

Sjálfbært timbur: Fyrsta verslunin með FSC/PEFC vottun

Meðalstórt fyrirtæki: Eignir 200-1.000 milljónir króna. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Topp 20

Meðalstór Framúrskarandi fyrirtæki

Nr.	Nafn	Heimili	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eigið fé alls	Eiginfjárhlutfall
1	**ACRO verðbréf hf.**	Reykjavík	Starfsemi við miðlun verðbréfa og hrávörusamninga	Hannes Árdal	890	626	70%
2	**Geysir ehf.**	Selfoss	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Elín Svafa Thoroddsen	963	811	84%
3	**BBA FJELDCO ehf.**	Reykjavík	Lögfræðiþjónusta	Elísabet Ingunn Einarsdóttir	704	401	57%
4	**PK Verk ehf.**	Hafnarfjörður	Bygging annarra ótalinna mannvirkja	Pétur Kristjánsson	599	441	74%
5	**Ferill ehf., verkfræðistofa**	Reykjavík	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Freyr Brynjarsson	590	354	60%
6	**Rafholt ehf.**	Kópavogur	Raflagnir	Helgi Ingólfur Rafnsson	976	631	65%
7	**Alefli ehf.**	Mosfellsbær	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Magnús Þór Magnússon	759	496	65%
8	**Bolasmiðjan ehf.**	Reykjavík	Heildverslun með fatnað og skófatnað	Jón Andrés Valberg	563	396	70%
9	**Arctica Finance hf.**	Reykjavík	Fjárvörslusjóðir, sjóðir og önnur sérhæfð fjársýslufélög	Stefán Þór Bjarnason	663	495	75%
10	**LEX ehf.**	Reykjavík	Lögfræðiþjónusta	Örn Gunnarsson	729	371	51%
11	**BBI ehf.**	Reykjavík	Önnur ótalin fjármálaþjónusta, þó ekki vátryggingafélög og lífeyrissjóðir	Vésteinn Gauti Hauksson	936	280	30%
12	**Gamla laugin ehf.**	Flúðir	Rekstur íþróttamannvirkja	Björn Kjartansson	372	262	71%
13	**CCP Platform ehf.**	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Adrian Spencer Blunt	796	256	32%
14	**AB varahlutir ehf.**	Reykjavík	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla	Loftur Guðni Matthíasson	587	342	58%
15	**Blikksmiðurinn hf.**	Reykjavík	Vélvinnsla málma	Karl Hákon Karlsson	883	577	65%
16	**Kóði ehf.**	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Thor Thors	539	346	64%
17	**Orka ehf.**	Reykjavík	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla	Jóhann Gísli Hermannsson	894	562	63%
18	**Scandinavian Travel Services ehf.**	Reykjavík	Ferðaskrifstofur	Miguel Angel R. Fernandez	733	674	92%
19	**Lagnir og þjónusta ehf.**	Sandgerði	Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa	Hafsteinn Már Steinarsson	676	561	83%
20	**Juris slf.**	Reykjavík	Lögfræðiþjónusta	Sigurbjörn Magnússon	334	109	33%

Styrkás

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Félög okkar, Skeljungur, Klettur og Stólpi Gámar, hafa öll hlotið viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki 2024 í samantekt CreditInfo. Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn.

styrkas.is

Þjónusta við atvinnulífið.

Skeljungur

Skeljungur er umboðsaðili Shell á Íslandi og þjónar orkuþörf fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfi sitt.

Klettur

Klettur er umboðsaðili fyrir leiðandi vörumerki í tækjum, búnaði og hjólbörðum ásamt því að reka framúrskarandi viðgerðarþjónustu og varahluta-sölu fyrir vinnuvélar og atvinnubifreiðar.

Stólpi Gámar

Stólpi Gámar veitir atvinnulífinu sveigjanlegar lausnir á sviði eignaumsýslu og leigustarfsemi.

Lítið fyrirtæki: Eignir 100-200 milljónir króna. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Topp 20

Lítil Framúrskarandi fyrirtæki

Nr.	Nafn	Heimili	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eigið fé alls	Eiginfjárhlutfall
1	**Alþjóðasetur ehf.**	Reykjavík	Önnur ótalin fræðslustarfsemi	Sigríður Vilhjálmsdóttir	185	138	74%
2	**Loftmyndir ehf.**	Reykjavík	Starfsemi á sviði landmælinga; jarðfræðilegar rannsóknir	Karl Arnar Arnarson	187	130	69%
3	**Verkvík - Sandtak ehf.**	Hafnar-fjörður	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Sturla Ómarsson	171	114	67%
4	**HS Vélaverk ehf.**	Vest-manna-eyjar	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Hermann Sigurgeirsson	199	125	63%
5	**Vinnvinn ehf.**	Reykjavík	Önnur ótalin sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	Jensína Kristín Böðvarsdóttir	143	102	72%
6	**Lagnatækni ehf.**	Kópa-vogur	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Kristján Oddur Sæbjörnsson	154	101	65%
7	**Kristján G. Gíslason ehf.**	Kópa-vogur	Blönduð heildverslun	Tómas Hafliðason	153	110	72%
8	**Sportköfunarskóli Íslands ehf.**	Reykjavík	Ferðaskipuleggjendur	Höskuldur Elefsen	194	106	55%
9	**Endurskoðun og ráðgjöf ehf.**	Garðabæ	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Eymundur Sveinn Einarsson	169	87	51%
10	**One Systems Ísland ehf.**	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Ingimar Arndal Árnason	148	101	68%
11	**Íslenska nýsköpunarfélagið ehf.**	Hafnar-fjörður	Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	Thor Ólafsson	199	150	75%
12	**Rafstjórn ehf.**	Reykjavík	Raflagnir	Erling Guðmundsson	184	99	54%
13	**Vettvangur ehf.**	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Garðar Þorsteinsson	193	144	75%
14	**Örugg afritun ehf.**	Reykjavík	Rekstur tölvukerfa	Jóhann Friðrik Ragnarsson	193	82	43%
15	**Sverrisútgerðin ehf.**	Ólafsvík	Útgerð smábáta	Gísli Gunnar Marteinsson	183	118	64%
16	**Intenta ehf.**	Kópa-vogur	Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf	Ingvi Þór Elliðason	152	74	49%
17	**Íslenski barinn ehf.**	Reykjavík	Veitingastaðir	Stefán Guðmundsson	122	72	59%
18	**Magna Lögmenn ehf.**	Reykjavík	Lögfræðiþjónusta	Þórður Bogason	163	73	45%
19	**Nitro Sport ehf.**	Kópa-vogur	Sala, viðhald og viðgerðir vélhjóla og hluta og aukabúnaðar til þeirra	Steinþór Valur Ólafsson	192	121	63%
20	**GSG ehf.**	Kópa-vogur	Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi	Þorvarður Kristjánsson	198	74	38%

Framúrskarandi samstarfsaðili í málmiðnaði

Við erum stolt af því að vera á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Eurometal sérhæfir sig í hönnun, framleiðslu og þjónustu við iðnfyrirtæki og byggingaverktaka. Við 3D-skönnum, hönnum, smíðum og setjum upp hvers kyns stálvirki og vélbúnað. Við byggjum á langri reynslu og þekkingu starfsfólks okkar og traustu samstarfi við erlend dótturfélög okkar og birgja.

Við gerum þér tilboð endurgjaldslaust og án skuldbindingar og erum með þér alla leið.

eurometal.is – sala@eurometal.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

EUROMETAL

Sauðárkróks-bakarí

Snorri Stefánsson

Lykilstarfsmenn Sauðárkróksbakarís taldir frá vinstri: Snorri Stefánsson bakari, María Ósk Haraldsdóttir yfirmaður afgreiðslu og Karsten Rummelhoff yfirbakari.

Morgunblaðið/Björn Björnsson

„Að starfa í handverksbakarí hefur alltaf heillað mig“

Bakaríið á sögu sína að rekja til Carls Fredriksens sem var fyrstur til að stofna brauðgerð í bænum en hann hóf brauðgerðina árið 1880. Fredriksen þótti vinnusamur og sanngjarn og þar sem hann átti ekki fjölskyldu sjálfur arfleiddi hann starfsfólkið að eigum sínum þegar hann féll frá,“ segir Snorri Stefánsson eigandi Sauðárkróksbakarís sem er í gamla bænum á Sauðárkróki í Skagafirði þar sem um 4.000 einstaklingar búa. Snorri er fimmti eigandi þessa þriðja elsta bakarís landsins. „Einungis Bernhöftsbakarí í Reykjavík og Gamla bakaríið á Ísafirði voru stofnuð fyrr. Það er að auki ekkert starfandi fyrirtæki í Skagafirðinum eldra en bakaríið en níu árum frá stofnun þess var Kaupfélag Skagfirðinga stofnað,“ segir hann.

Sauðárkróksbakarí hefur verið í fallegu húsnæði í Aðalgötu 5 frá árinu 1939 þegar húsið var reist. „Það var Ingólfur Nikk sem teiknaði húsið, sem er friðað í dag. Um áramótin 1984 keyptu Óttar Bjarnason og Guðrún Sölvadóttir bakaríið og má með sanni segja að þau hafi unnið dyggilega að uppbyggingu þess þar til í september 2006 þegar Róbert Óttarsson keypti fyrirtækið af föður sínum. Ég lærði bakarann á sínum tíma hjá Róberti og hafði starfað hjá þeim feðgum í 16 ár áður en ég og fjölskylda mín fjárfestum í bakaríinu fyrir tveimur árum,“ segir Snorri og bætir við að bæjarbúum hafi án efa þótt notalegt að heimamaður skyldi taka við rekstrinum.

Það er einstök stemning í Sauðárkróksbakaríi og bakkelsið þar er alltaf vinsælt.

Skuldlaus með góðan rekstur

Vinsældir Sauðárskróksbakarís ná út fyrir landsteinana og má lesa um marga svanga ferðalanga sem lagt hafa leið sína í gegnum bæinn til að smakka á góðgætinu. Reksturinn ber þess merki og hefur hann verið réttum megin við núllið frá hruni. „Ég er afar þakklátur fyrir viðtökurnar sem við höfum fengið frá upphafi. Það sem einkennir Sauðárkróksbakarí og hefur gert frá upphafi eru gæðin sem við bjóðum upp á. Það sem við gerum gerum við vel. Fólk vill versla við okkur og við erum með starfsfólk sem stendur sig vel,“ segir Snorri og bætir við að hagnaður fyrirtækisins á síðustu árum hafi verið á bilinu 20 til 30 milljónir króna árlega.

Það krefst skipulagningar að halda starfseminni gangandi. „Bakarinn mætir fyrstur allra klukkan eitt að nóttu. Þá byrjar hann að hefa og baka brauðið fyrir daginn. Næsti bakari mætir á milli fjögur og fimm að morgni og annað starfsfólk mætir til vinnu um sjöleytið þegar við opnum bakaríið. Þegar mikið er um að vera mæta skólakrakkarnir svo á vakt á milli klukkan þrjú og fjögur á daginn. Stöðugildin í bakaríinu hjá okkur í dag eru fimmtán og má með sanni segja að sá hópur sé samhentur,“ segir Snorri.

Ert þú bakarinn sem mætir eitt að nóttu?

„Það er misjafnt. Við erum með ákveðið vaktakerfi sem hefst á mánudögum. Við leggjum drög að því á miðvikudögum og fer það eftir hentisemi hvers og eins hvaða vaktir við tökum. Hver vakt hefur sinn sjarma hér í bakaríinu,“ segir Snorri.

Starfsemin er að stórum hluta á Aðalgötunni en fjölmargir aðilar fá brauð og sætmeti sent til sín daglega. „Brauðin okkar eru seld í Kaupfélaginu á Sauðárkróki og á Hofsósi, í búð Olís í Varmahlíð og Hlíðarkaupum svo eitthvað sé nefnt. Að ógleymdri norsku jólakökunni okkar sem verður fáanleg í Melabúðinni í Reykjavík og Jólahúsinu á Akureyri í byrjun nóvember.“

Allt unnið frá grunni

Sauðárkróksbakarí er handverksbakarí þar sem allt er unnið frá grunni. Það sem einkennir handverksbakarí er menntunarstig fagaðila og sú staðreynd að allt er gert frá grunni úr hráefnum umhverfisins. Unnið er með höndunum eftir hefðum sem hafa myndast á staðnum. Hvert handverksbakarí er ólíkt öðru í eðli sínu og því andstæðan við keðjur sem bjóða upp á innflutt frosið hráefni sem er hitað upp á Íslandi.

„Að starfa í handverksbakarí hefur alltaf heillað mig. Að nota vandað hráefni úr nágrenninu og leggja metnað í það sem er gert er að mínu skapi. Brauðin okkar eru vinsæl og gerð frá grunni hjá okkur daglega. Kleinuhringirnir okkar eru einnig mjög vinsælir og það sama má segja um snúðana sem eru með girnilegu súkkulaði á. Við bjóðum einnig upp á smjördeigsvínarbrauð, makkarónuvínarbrauð og svo er eplavínarbrauð sem við gerum öðruvísi en aðrir. Við erum einnig alltaf að þróa nýjar vörur í bakaríinu og erum nú farin að bjóða upp á pítsur á föstudögum sem eru mjög vinsælar,“ segir Snorri.

Bíl ekið inn í bakaríið í fyrra

Sauðárkróksbakarí hefur fengið sinn hlut af verkefnum í gegnum tíðina. „Bakaríið er öðruvísi ásýndar en áður þar sem bíl var ekið inn í það á vormánuðum í fyrra. Mikil mildi þykir að við skyldum ekki vera í afgreiðslunni, en bílnum var ekið í gegnum húsvegginn með tilheyrandi tjóni. Ég segi stundum að ég hafi ætlað að fara í breytingar og billinn hafi opnað húsnæðið fyrir mig, en að öllu gamni slepptu þá var þetta mikið áfall fyrir okkur öll. Við þurftum að loka í tíu daga á meðan við gerðum við skemmdirnar. Einn útveggurinn fór alveg niður en það hindraði okkur þó ekki í því að framleiða brauð í búðir, sem við héldum áfram að gera samhliða því að koma húsnæðinu í lag. Við nutum mikils stuðnings frá samfélaginu og má segja að við hefðum aldrei komist í gegnum þetta nema með þeirra aðstoð,“ segir Snorri, sem horfir sjaldan í baksýnisspegilinn. „Eina leiðin er áfram. Ég horfi fram á veginn og reyni að gera það besta úr hlutunum því það liðna er í fortíðinni og henni fær maður ekki breytt.“

Snorri er viss um að Sauðárkróksbakarí muni komast í gegnum flest enda er umhverfið mun einfaldara en fyrir 140 árum þegar bakaríið var stofnað. „Ég trúi því að ef ég geri eins vel og ég get hverju sinni þá sé framtíðin björt. Ég ber ekkert annað en þakklæti með mér. Þakklæti fyrir viðskiptavinina, starfsfólkið og alla þá sem hafa stutt okkur í gegnum tíðina,“ segir Snorri Stefánsson, bakari og eigandi Sauðárkróksbakarís.

Skilvirk alhliða málningarþjónusta

OG VERK ehf

LÖGGILTUR MÁLARAMEISTARI

Sími 7775444 – ogverk@ogverk.is

OG-Verk hefur mikla reynslu í málningar-
verkefnum jafnt innanhúss og utanhúss.

Síðari ár hefur fyrirtækið sérhæft sig í nýbyggingum.

OG-Verk hefur á að ráða stórum og öflugum
hópi af málurum.

JYSK
Rósa Dögg Jónsdóttir

Rósa Dögg Jónsdóttir, markaðsstjóri JYSK á Íslandi, segir spennandi tíma fram undan.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Markviss uppbygging og endurskipulagning hjá JYSK

Í dag starfa um 210 manns hjá JYSK á Íslandi. Hér er starfsaldurinn hár og lífaldurinn lágur enda mikið af ungu fólki sem starfar fyrir okkur. Það er gaman að sjá marga stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum hjá okkur," segir Rósa Dögg Jónsdóttir, markaðsstjóri JYSK á Íslandi. Hún segir spennandi tíma fram undan. „Í þessu risastóra alþjóðlega mengi eru allir að leggja sig fram um að vera betri í dag en í gær og það á heldur betur við um okkar frábæra starfsfólk," segir Rósa Dögg.

Eins og margir vita er JYSK rótgróið fyrirtæki á íslenskum markaði sem hefur rekið verslanir hér á landi frá árinu 1987 eða í 37 ár. Lengst af undir merkjum Rúmfatalagersins en nú undir merkjum JYSK eftir nafnbreytingu í fyrra. „JYSK sérhæfir sig í vörum fyrir svefninn, heimilið og garðinn og rekur sjö verslanir víða um land ásamt því að vera með gríðarlega öfluga vefverslun. Við höldum einnig úti sterkri og sífellt stækkandi fyrirtækjaþjónustu. Við bjóðum ávallt upp á góð tilboð og þar sem við erum hluti af alþjóðlegu fyrirtæki sem rekur yfir 3.500 verslanir á heimsvísu getum við keypt inn á hagkvæmu verði í miklu magni og þannig tryggt viðskiptavinum okkar gott verð," segir hún.

Rósa Dögg segir gott að vinna fyrir JYSK. „Menningin er góð innan fyrirtækisins en mannauðssviðið okkar er ungt og einungis rúm fjögur ár síðan fyrsti mannauðsstjórinn var ráðinn til félagsins. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og heilmikill árangur náðst en mikill tími hefur farið í að þróa ferla, byggja upp, breyta og bæta. Það hafa leynst áskoranir víða. Við leggjum mjög mikla áherslu á fræðslu og þjálfun starfsfólks og þá sérstaklega hvað varðar þjónustu og vöruþekkingu. Það er okkur mikið kappsmál að allt starfsfólk upplifi sig sem hluta af teyminu og að allir vinni saman að sömu markmiðum," segir hún.

Það starfa 210 manns hjá JYSK á Íslandi.

Mannauðurinn mikilvægasta auðlindin

Landsmenn hafa án efa tekið eftir því að vöruúrvalið er að aukast í JYSK. „Við fáum reglulega góð og jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum okkar sem eru ánægðir með vörurnar og vöruúrvalið. Við höfum alltaf verið afar sterk í öllu sem snýr að svefninum hvort sem það eru rúm, dýnur, sængur, koddar eða sængurver og undanfarin ár hefur einnig verið mikill vöxtur í húsgagnasölunni okkar sem og í smávöru og heimilisvöru. Garðhúsgögnin hafa einnig heldur betur hitt í mark hjá landanum enda eru þau endingargóð og veðurþolin og henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Viðskiptavinir okkar virðast vera sáttir við vöruúrvalið og ekki síst þjónustuna. Það er svo gaman að sjá hvað fólk er duglegt að láta vita af því sem vel er gert og senda okkur hróspóst. Við kunnum að meta það."

Hver er lykillinn að árangri fyrirtækisins?

„Mannauðurinn er án efa mikilvægasta auðlind fyrirtækisins. Það er starfsfólkið sem drífur áfram vöxt og tekjur og við erum svo rík af góðu starfsfólki sem bæði skilur og tileinkar sér gildi vörumerkisins og stuðlar þannig að vexti og þeim árangri sem hefur náðst. Þegar allir stefna í sömu átt verður útkoman jákvæð."

Hagnaðurinn 1.388 milljónir króna í fyrra

Félagið fjárfesti í ýmsum endurbótum á árinu með það að sjónarmiði að bæta upplifun viðskiptavina í verslunum. „Stærsta fjárfestingin var í verslun félagsins á Smáratorgi en nú er það einungis verslun okkar á Bíldshöfða sem á eftir að taka í gegn. Samhliða endurbótum var farið í markvissa uppbyggingu og endurskipulagningu innan fyrirtækisins, sem hefur haldið áfram að tryggja okkur sterkan og bættan rekstur. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á rekstrarárinu í fyrra 1.388 milljónum króna en heildareignir námu 4.719 milljónum við lok rekstrarárs og eigið fé þess samkvæmt efnahagsreikningi jákvætt sem nam 3.690 milljónum króna," segir Rósa Dögg og bætir við að rekstur félagsins sé nokkuð stöðugur og veltan hafi aukist lítillega eða um 1%.

Sem markaðsstjóri er hún ábyrg fyrir allri markaðssetningu fyrirtækisins og ímynd þess út á við. „Ég sé um að gera sértækar markaðsáætlanir, held utan um auglýsinga- og birtingaplön og er í miklum samskiptum við fólk alla daga varðandi birtingapantanir. Markaðsdeildin sér um alla auglýsingagerð innanhúss, hvort sem það er bæklingaumbrot, sjónvarpsauglýsingar, samfélagsmiðlaefni, blaðaauglýsingar, útvarpsauglýsingar, umhverfisauglýsingar eða markaðsefni fyrir allar verslanirnar. Ég er svo lánsöm að vera einnig með grafíska menntun í bakhöndinni sem nýtist vel og næ ég að hoppa inn í alla auglýsingavinnslu líka ef þess er þörf. Starfið er gífurlega fjölbreytt og spennandi og alltaf margir boltar á lofti enda mikið um góð tilboð hjá JYSK sem þarf að koma á framfæri," segir hún.

Sjaldan meiri þörf en núna að vera á tánum

Rósa Dögg segir markaðsmálin mjög spennandi í eðli sínu. „Það er sjaldan meiri þörf en núna að vera á tánum enda afar hraðar breytingar og þróun á stafræna auglýsingamarkaðnum og alltaf einhverjar nýjungar sem þarf að fylgjast vel með til að sjá hvert markaðsheimurinn fer næst. Það er ljóst að með tilkomu nýlegrar gervigreindar munu markaðsmálin taka örum og áhugaverðum breytingum á næstu misserum," segir hún.

Það eru afar spennandi tímar fram undan hjá JYSK en nýverið var gengið frá kaupum á lóð við Korputún sem verður nýtt atvinnu- og íbúðahverfi í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ og jafnframt eitt af framtíðarbyggingarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. „Þar hyggst JYSK byggja nýjar höfuðstöðvar ásamt samliggjandi vöruhúsi og nýrri JYSK-verslun og þjóna bæði þessu nýja svæði ásamt stórauknum fjölda íbúa í Grafarholti og Norðlingaholti. Við hlökkum til að vaxa og dafna, taka á móti nýjum viðskiptavinum og halda áfram að vera spennandi kostur fyrir heimili og fyrirtæki," segir Rósa Dögg Jónsdóttir, markaðsstjóri JYSK á Íslandi.



AÞ-ÞRIF

AÞ-Þrif er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var árið 2006 og hefur á þeim tíma fest sig í sessi sem eitt öflugasta hreingerningafyrirtæki landsins.

Að fyrirtækinu stendur þéttur hópur fólks sem hefur byggt það upp og gert það að því sem það er í dag.

FJÖLBREYTT ÞJÓNUSTA

Við bjóðum uppá fjölbreytta þónustu þar sem saman fer
ÞJÓNUSTULUND | FAGMENNSKA | HEIÐARLEIKI

Þær þjónustur sem AÞ-þrif býður uppá eru:
Almennar ræstingar | Iðnaðarþrif | Gluggaþvottur | Gólfþrif
Sérverkefni | Sigvinna | Mygluþrif | Meindýravarnir

FAGMENNSKA

Great Place to Work: Í byrjun árs 2024 urðum við í 1. sæti sem „frábær vinnustaður fyrir konur".

Framúrskarandi fyrirtæki (2017–2023).

Svansvottun: Frá 2010 höfum við notað umhverfisvottaðar hreinsivörur í allar daglegar ræstingar. Okkur er annt um umhverfið og viðskiptavini okkar.

SÍMI: 517 2215 WWW.ATH-THRIF.IS ATH-THRIF@ATH-THRIF.IS

Fyrirtæki sem hafa alltaf verið Framúrskarandi

41 er staðsett á höfuðborgarsvæðinu
7 á Norðurlandi eystra
1 á Austurlandi
1 á Norðurlandi vestra
1 á Suðurlandi
1 á Suðurnesjum
1 á Vesturlandi

53 fyrirtæki hafa alltaf verið Framúrskarandi

13% eru með konu sem framkvæmdastjóra

Nafn	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eiginfjár-hlutfall	Arðsemi eigin fjár
Iðnmark ehf.	Vinnsla á kartöflum	Sigurjón Dagbjartsson	**1.225**	88,0%	11%
Dista ehf.	Heildverslun með drykkjarvörur	Sigurður Örn Bernhöft	**267**	37,0%	43%
Bráð ehf.	Smásala á íþrótta- og tómstundabúnaði í sérverslunum	Ólafur Vigfússon	**192**	73,0%	14%
Grant Thornton endurskoðun ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Theodór Siemsen Sigurbergsson	**668**	35,0%	56%
Rafeyri ehf.	Raflagnir	Kristinn Hreinsson	**976**	53,0%	33%
Kælismiðjan Frost ehf.	Framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, þó ekki til heimilisnota	Guðmundur H. Hannesson	**1.333**	70,0%	8%
Já hf.	Önnur ótalin starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	Eðvald Ingi Gíslason	**660**	77,0%	1%
Jónar Transport hf.	Þjónustustarfsemi tengd flutningum á sjó og vatni	Kristján Pálsson	**1.054**	41,0%	57%
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	Framleiðsla húsdýrafóðurs	Gunnþór Björn Ingvason	**1.420**	59,0%	24%
Málning hf.	Framleiðsla á málningu, lökkum og svipuðum þekjuefnum, prentbleki og fylli- og þéttiefnum	Baldvin Valdimarsson	**1.808**	82,0%	13%
Netorka hf.	Önnur þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	Torfi Helgi Leifsson	**210**	77,0%	14%
Steinbock-þjónustan ehf.	Viðgerðir á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota	Gísli Viðar Guðlaugsson	**1.802**	76,0%	25%
Barki ehf.	Framleiðsla á öðrum gúmmívörum	Kristinn Valdemarsson	**1.296**	91,0%	14%
Danfoss hf.	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Jón Kjartan Kristinsson	**476**	37,0%	33%
Sensa ehf.	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni	Valgerður Hrund Skúladóttir	**2.460**	49,0%	21%
Örninn Hjól ehf.	Smásala á íþrótta- og tómstundabúnaði í sérverslunum	Snorri Ólafur Jónsson	**1.163**	76,0%	5%

Framhald í næstu opnu.

HEIMAVARNAR

LIÐ IÐ

SLÖKKVITÆKI FYRIR ÖLL HEIMILI – OG FYRIRTÆKI.

Mikið úrval slökkvitækja fyrir allar aðstæður og í mörgum litum. Förum varlega – og verum við öllu búin.

- Léttvatnstæki
- Duftslökkvitæki
- Kolsýruslökkvitæki
- Vatnsslökkvitæki
- Vatnsúðatæki

HVÍTT

SVART

GRÁTT

BRASS

KOPAR

KRÓM

ELDVARNA MIÐSTÖÐIN

Sundaborg 7 / Reykjavík / Sími 568 4800 / www.oger.is

Fyrirtæki sem hafa alltaf verið Framúrskarandi (framhald)

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nafn	Atvinnugrein	Framkvæmdastjóri	Eignir alls	Eiginfjár-hlutfall	Arðsemi eigin fjár
Rafvirki ehf.	Raflagnir	Sigurður Svavarsson	**305**	86,0%	20%
Ólafur Gíslason og Co hf.	Blönduð heildverslun	Dagný Guðmundsdóttir	**498**	71,0%	3%
PFAFF hf.	Smásala á heimilistækjum í sérverslunum	Margrét Kaldal Kristmannsdóttir	**440**	84,0%	17%
GoPro ehf.	Önnur hugbúnaðarútgáfa	Ólafur Daðason	**1.895**	86,0%	7%
Danica sjávarafurðir ehf.	Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	Jan Bernstorff Thomsen	**1.596**	79,0%	7%
Dekkjahöllin ehf.	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla	Kristdór Þór Gunnarsson	**691**	77,0%	39%
BD30 ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Guðjón Norðfjörð	**474**	24,0%	65%
Viking Life-Saving Equipment á Íslandi ehf.	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Einar Gylfi Haraldsson	**238**	77,0%	15%
Bananar ehf.	Heildverslun með ávexti og grænmeti	Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir	**3.318**	28,0%	87%
Fossvélar ehf.	Malar-, sand- og leirnám	Jón Örn Ingileifsson	**1.859**	51,0%	29%
Brim hf.	Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Guðmundur Kristjánsson	**142.924**	50,0%	13%
Trétak ehf.	Uppsetning innréttinga	Jóhann Ólafur Þórðarson	**1.267**	81,0%	7%
Inter ehf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Þorvaldur Sigurðsson	**741**	66,0%	11%
Embla Medical hf.	Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	Sveinn Logi Sölvason	**188.730**	51,0%	8%
Globus hf.	Blönduð heildverslun	Börkur Árnason	**1.292**	59,0%	20%
Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.	Ræktun á aldingrænmeti og papriku	Páll Ólafsson	**359**	82,0%	7%
Hitastýring hf.	Viðgerðir á rafbúnaði	Helgi Sverrisson	**210**	75,0%	37%
Steinull hf.	Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmlausum steinefnum	Stefán Logi Haraldsson	**1.424**	67,0%	33%
KPMG ehf.	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Hlynur Sigurðsson	**2.644**	29,0%	73%
Bjarmar ehf.	Smásala á blómum, plöntum, fræjum og áburði í sérverslunum	Ingimar Magnússon	**374**	57,0%	12%
Héðinn Schindler lyftur ehf.	Önnur uppsetning í mannvirki	Arnþór Hinrik Valgarðsson	**319**	46,0%	40%
Icepharma hf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Hörður Þórhallsson	**3.452**	47,0%	42%
Tandur hf.	Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum	Arnar Garðarsson	**1.159**	48,0%	80%
Efla hf.	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Sæmundur Sæmundsson	**4.541**	49,0%	55%
Axis-húsgögn ehf.	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum í eldhús	Eyjólfur Eyjólfsson	**551**	66,0%	29%
Vistor ehf.	Heildverslun með lyf og lækningavörur	Þórður Arnar Þórðarson	**6.725**	38,0%	35%
Kjarnavörur hf.	Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis	Guðjón Rúnarsson	**1.648**	50,0%	33%
TVG-Zimsen ehf.	Önnur þjónusta tengd flutningum	Elísa Dögg M. Björnsdóttir	**2.202**	70,0%	64%
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.	Starfsemi verkfræðinga og skyld tæknileg ráðgjöf	Brynjólfur Stefán Guðmundsson	**241**	65,0%	53%
Sigurður Ólafsson ehf.	Útgerð fiskiskipa	Ólafur Björn Þorbjörnsson	**300**	80,0%	36%
Ísfugl ehf.	Slátrun og vinnsla á alifuglakjöti	Jón Magnús Jónsson	**890**	44,0%	30%
Mörkin Lögmannsstofa hf.	Lögfræðiþjónusta	Helena Erlingsdóttir	**593**	30,0%	95%
Hegas ehf.	Heildverslun með járnvöru, búnað til pípu- og hitalagna og hluti til þeirra	Axel Eyjólfsson	**646**	77,0%	4%
Kauphöll Íslands hf.	Stjórnun fjármálamarkaða	Magnús Harðarson	**1.163**	57,0%	49%
Vátryggingafélag Íslands hf.	Skaðatryggingar	Guðný Helga Herbertsdóttir	**65.468**	32,0%	9%
Trésmiðjan Rein ehf.	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Sigmar Stefánsson	**808**	54,0%	15%
Vinnuföt, heildverslun ehf.	Heildverslun með fatnað og skófatnað	Árni Arnarson	**354**	59,0%	66%

FAGMENNSKA OG ÁRANGUR

Varnir og eftirlit er alhliða fyrirtæki á sviði meindýravarna og eftirlits. Við þjónustum fjölmarga aðila með reglubundnum hætti og vinnum með heimilum þegar þörf er á.

Viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki af flestum stærðum og gerðum, þ.á.m. má telja flugfélög og þjónustuaðila í fluggeiranum, skipafélög, vöruflutningafélög, hótel, veitingahús, fiskvinnslur, húsfélög, fasteignafélög, heildverslanir, framleiðslufyrirtæki, vatns- og gosdrykkjaframleiðendur, ýmis félagasamtök, verslanir, bensínstöðvar, tölvufyrirtæki, gagnavörslur, heilsuræktarstöðvar, leikskóla, framhaldsskóla, íþróttahús, sundlaugar, félagsþjónustu, opin svæði og þannig mætti lengi telja.

Við vinnum samkvæmt GÁMES (HACCP) og verkferlar og verklag uppfylla því ströngustu kröfur. Félagið er aðili að erlendum samtökum á sviði meindýreftirlits og þannig tryggjum við að við séum ávallt með nýjustu upplýsingar og tækni sem völ er á og getum boðið bestu mögulegu ráðgjöf þegar til okkar er leitað.

Við erum með neyðarþjónustu allan sólarhringinn í síma 695 0522.

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

Varnir Eftirlit

SÍMI: 695 0522 WWW.VE.IS VE@VE.IS

Kapp
Elfa Hrönn Valdimarsdóttir

Elfa Hrönn Valdimarsdóttir, einn eigenda Kapp, er spennt fyrir framtíð fyrirtækisins.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Reynum að hlaupa ekki hraðar en fæturnir bera okkur“

Kapp er tæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í kæliþjónustu, vélasmíði, innflutningi og þjónustu á tækjabúnaði í sjávarútveg, fiskeldi og annan iðnað,“ segir Elfa Hrönn Valdimarsdóttir, einn eigenda fyrirtækisins. „OptimICE-krapavélin hefur verið í framleiðslu lengi og nú er komin ný krapavél sem nýtir koldíoxíð sem kælimiðil í stað F-gasa til að kæla fisk fljótt niður fyrir frostmark án þess að frjósa,“ segir hún stolt af þessari nýjung sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. „Ég var einmitt að taka við verðlaunum frá Samtökum atvinnulífsins fyrir umhverfisframtak ársins 2024. Það er mikill heiður fyrir okkur enda öll fyrirtæki að fara þessa vegferð núna,“ segir Elfa, sem stofnaði fyrirtækið ásamt eiginmanni sínum, Frey Friðrikssyni, árið 2007.

Það kom aldrei neitt annað til greina hjá Elfu og Frey en að stofna fjölskyldufyrirtæki og þótt viðskipti og allt sem þeim fylgir taki tíma, þá segir Elfa að móðurhlutverkið sé sér dýrmætast og að Freyr nýti hverja stund með sonum sínum þegar hann er ekki í vinnunni. „Við Freyr fórum til Danmerkur í nám áður en börnin okkar fæddust. Þegar við komum heim úr náminu keyptum við vélaverkstæði Egils, sem var rótgróið fyrirtæki með sögu sem hófst árið 1929.“

Margir kannast við athafnamanninn Egil Vilhjálmsson sem var með ökuskírteini númer þrjú í landinu og rak bifreiðaverkstæði og varahlutaverslun á Hlemmi. Hann hóf sölu á Willys-jeppunum frægu um miðja síðustu öld og var umsvifamestur í bílaiðnaði þess tíma. „Á níunda áratugnum var fyrirtækinu skipt í tvennt, í véla- og renniverkstæðið sem var keypt af sjö starfsmönnum fyrirtækisins og endurnefnt Egill vélaverkstæði. Freyr varð framkvæmdastjóri þess árið 1999. Við Freyr stofnuðum svo KAPP saman en sonur okkar hjóna veiktist mikið árið á undan. BYKO var í miklum viðskiptum við okkur á þessum tíma og fengum við þá til að taka við rekstrinum fyrir okkur. Við keyptum svo vélarhlutann af þeim aftur og settum það inn í KAPP árið 2012. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað síðan þá en við erum fyrst og fremst fjölskyldufyrirtæki,“ segir Elfa og bætir við: „Þótt synir okkar séu ungir þá hafa þeir allir unnið hjá okkur og eru mjög áhugasamir um rekstur fyrirtækisins. Það finnst mér yndislegt. Þeir hafa byrjað á gólfinu með því að sópa og hafa svo unnið sig upp í aðrar stöður,“ segir Elfa.

Festu kaup á Skaganum 3X

KAPP hefur stækkað mikið á undanförnum árum. „Sem er skemmtileg áskorun. Við byrjuðum sem lítið fyrirtæki og höfum þurft að breytast með árunum, setja allt í fastara form og skipulagða ferla. Þar sem ég sé um launin og að innheimta reikninga þá er mikilvægt að vera með góða yfirsýn og að vaxa upp í umfang rekstursins. Það varð mikið vaxtarstökk fyrir okkur árið 2015 sem var góð æfing fyrir það sem koma skal hjá okkur núna,“ segir Elfa en þess má geta að tekjur fyrirtækisins árið 2015 voru ríflega 800 milljónir en eru nú komnar yfir tvo milljarða. Um 35% tekna KAPP koma að utan.

Elfa segir ánægjulegt að þjónusta hinar ýmsu iðnaðargreinar, ekki síst sjávarútveginn. „Krapavélarnar okkar eru þannig gerðar að hægt er að búa til ískrap úr sjónum. Þá þarf ekki lengur að fylla skipin af klaka, sem sparar eldsneytiskostnað. Áður var klakanum handmokað yfir fiskinn en krapavélin sprautar ís yfir afurðina eftir þörfum, sem einfaldar mörg verk fyrir sjómennina,“ segir hún.

Umfang KAPP hefur aukist að undanförnu og hefur gengið vel að fá fjárfestingu inn í fyrirtækið fyrir stækkun þess. „Við viljum ekki fara fram úr okkur. Við viljum ekki skulda of mikið né taka lán fyrir öllu sem við viljum taka okkur fyrir hendur. Við reynum að hlaupa ekki hraðar en fæturnir bera okkur, eins og maður segir. IS Haf fjárfesti í okkur nýverið, sem hefur reynst mjög gagnlegt því við vorum í hópi þeirra sem keyptu Skagann 3x, og svo vorum við að fjárfesta í fyrirtæki í Seattle sem heitir KamiTech til að eiga greiðari leið inn á Bandaríkjamarkað. Lífið er þannig að ekki er hægt að stjórna hvenær tækifærin detta í fangið á manni og komu þessi tvö á sama tíma. Samlegðaráhrif þessara fyrirtækja eru mikil og halda áfram að styrkja okkur í þeim heildarlausnum sem við viljum vera með fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina,“ segir Elfa.

Vilja fá fleiri konur í iðnaðarstörfin

Elfu er umhugað um starfsfólk sitt. „Við erum með frábært starfsfólk sem er mjög jákvætt og lausnamiðað. Freyr fær góðar hugmyndir varðandi reksturinn og kaup á fyrirtækjum til að við getum boðið upp á heildarpakka í þjónustunni. Hæfileikar hans blómstra með fólkinu sem vinnur með okkur. Allt starfsfólkið okkar, að mér og Frey meðtöldum, gengur í störfin af mikilli vinnusemi og saman vinnum við að markmiðum fyrirtækisins sem snýst um að þjónusta sjávarútveginn og önnur fyrirtæki í átt að grænni leiðum.

Þjónustan er í raun og veru númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur og við viljum hafa hana á heimsmælikvarða. Það virðist vera gagnkvæmni í ánægju okkar og starfsfólksins því það er mjög lítil starfsmannavelta, við höfum meira bara verið að bæta við okkur starfsfólki,“ segir Elfa

Reynið þið að laða til ykkar konur í iðnaðarstörf?

„Já, heldur betur, en það gengur ekkert rosalega vel. Við erum fjórar konur og 42 karlmenn. Við viljum endilega fá góðar konur í teymið okkar og höfum sett okkur það markmið að fjölga konum í iðnaðarstörfum og erum að leita að konum sem eru rafvirkjar, vélvirkjar og vélstjórar svo eitthvað sé nefnt. Við erum að auglýsa nokkrar stöður hjá okkur núna og ég hvet konur endilega til að sækja um þær. Vonandi sjá konur tækifæri með okkur í náinni framtíð. Öryggismálin okkar eru mjög góð og við erum með öryggisfulltrúa í starfsmannahópnum. Allt starfsfólk sækir skyndihjálparnámskeið og við leggjum áherslu á að hlífðarbúnaður sé til taks og notaður. Við viljum vinna að heilindum og að allt starfsfólk okkar fari varlega og hafi hæfni til að meta aðstæður hverju sinni og bregðast við ef eitthvað gerist. Í raun er það markmiðið að allir komi heilir heim úr vinnu hjá okkur,“ segir Elfa.

Hún segir öðruvísi að starfa fyrir og reka fjölskyldufyrirtæki. „Það er erfitt að festa á það fingur en ég gæti ekki hugsað mér annað en að starfa í fyrirtæki þar sem allir í fjölskyldunni geta stigið inn í fyrirtækið og látið til sín taka,“ segir Elfa Hrönn Valdimarsdóttir, eigandi og skrifstofustjóri hjá KAPP.

mondi

KASSAR
FYRIR FERSKAN FISK

- Sjálfbær og umhverfisvæn pökkunarlausn

Veldu umhverfisvæna og handhæga kassa sem lækka kostnað í allri aðfangakeðjunni. Nýstárleg hönnun Mondi gerir innri poka óþarfa, sem sparar bæði efni, vinnu ásamt því að auka afköst. Kassarnir leysa frauðplast kassana af hólmi með endingargóðum, pressuðum og húðuðum bylgjupappa sem sameinar virkni og sjálfbærni. Gerðu flutninga og vinnslu hagkvæmari með lausnum frá Mondi, tilvalið fyrir framsækin fyrirtæki sem vilja leggja sitt af mörkum til umhverfisins.

Einhella 1b
221 Hafnarfjörður
S. 565 2217
ubr@ubr.is · ubr.is

UBR UMBÚÐIR & RÁÐGJÖF

Vinnvinn

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Jensína Kristín Böðvarsdóttir framkvæmdastjóri og einn af eigendum ráðninga- og ráðgjafarfyrirtækisins Vinnvinn.

Morgunblaðið/Hákon

Rétt mönnun teyma skiptir lykilmáli fyrir framgang fyrirtækja

Við sérhæfum okkur í ráðningum stjórnenda og sérfræðinga í öllum geirum atvinnulífsins og höfum tengt öflugasta fólkið við réttu fyrirtækin í yfir 25 ár. Það hefur verið nóg að gera allt frá því að við hófum störf," segir Jensína Kristín Böðvarsdóttir framkvæmdastjóri og einn af eigendum ráðninga- og ráðgjafarfyrirtækisins Vinnvinn. Fyrirtækið hefur verið rekið með hagnaði frá fyrsta degi og er eitt öflugasta ráðningafyrirtækið á Íslandi í dag. „Við Auður Bjarnadóttir og Hilmar Garðar Hjaltason stofnuðum Vinnvinn árið 2020. Hver dagur færir okkur ný og spennandi verkefni og erum við nú orðin fimm sem störfum hjá fyrirtækinu. Við vinnum nú reyndar á við níu manns, svo mikil er ástríðan fyrir starfinu," segir hún og brosir.

Jensína er með áhugaverða reynslu úr atvinnulífinu. Hún hóf störf við ráðningar árið 1997 þegar hún kom að stofnun Ráðningarþjónustu Gallups, síðar Capacent, þar sem Auður og Hilmar störfuðu einnig um árabil. „Ég hef verið viðloðandi stjórnun og starfsmannamál, þar á meðal ráðningar, allar götur síðan og síðast hjá alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu Valcon. Ég var framkvæmdastjóri Global Strategic Planning og HR hjá Alvogen frá árinu 2015 til ársins 2018, framkvæmdastjóri þróunar og mannauðs hjá Landsbankanum frá árinu 2010 til ársins 2015 og forstöðumaður sölu á einstaklingssviði Símans frá árinu 2007 til ársins 2010," segir Jensína og bætir við að reynslan af stefnumótun og innleiðingu stefnu hafi verið dýrmæt því þar fann hún á eigin skinni hversu miklu máli mönnun teyma skiptir fyrir framgang fyrirtækja. „Eins hef ég unnið með og stýrt teymum stjórnenda í Asíu, Norður-Ameríku og Austur-Evrópu og tekið þátt í mönnun sérfræðinga og lykilstjórnenda víðs vegar um heiminn. Þessi mikla reynsla úr atvinnulífinu og það að stofna Vinnvinn með Auði og Hilmari er mín gæfa. Það er verðmætt að hafa verið „hinum megin" við borðið og nú sem ráðgjafi, ég kem svo miklu sterkari inn í ráðningarnar," segir Jensína.

Töfrarnir gerast þegar rétta fólkið finnst

Enginn dagur er eins í starfsemi Vinnvinn. „Svo sannarlega ekki. Við mætum full tilhlökkunar á hverjum degi í vinnuna og höfum mjög mikinn metnað fyrir því sem við gerum. Hvernig er líka annað hægt? Við hittum áhugavert og metnaðarfullt fólk daglega, hvort heldur sem er umsækjendur um störf eða viðskiptavini. Þegar

Auður Bjarnadóttir, Garðar Óli Ágústsson, Margrét Stefánsdóttir, Hilmar Garðar Kjartansson og Jensína Kristín Böðvarsdóttir starfa öll fyrir Vinnvinn. Auður, Hilmar og Jensína eru eigendur og stofnendur fyrirtækisins sem hefur gengið mjög vel frá stofnun þess.

við náum að tengja rétta fólkið við réttu störfin þá gerast töfrarnir."

Aðspurð um hvað er sett í öndvegi í Vinnvinn þá svarar hún: „Orðspor okkar og virðing fyrir viðskiptavininum er og verður ávallt lykillinn að farsæld okkar og því leggjum við mikla áherslu á trúnað gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Við búum yfir áratugareynslu í ráðningum og stjórnun. Með því að sameina þekkingu okkar á ólíkum atvinnugreinum, að greina hæfni og persónuleika umsækjenda og stjórnenda, og finna þetta samspil við fyrirtækjamenninguna þá leiðum við saman rétta einstaklinga við viðskiptavini okkar."

Hvernig virkar starfsemin?

„Einstaklingar skrá sig í gagnagrunninn hjá okkur í leit að starfi eða sækja um störf sem eru auglýst. Í einhverjum tilfellum höfum við samband við einstaklinga sem eru ekki á skrá hjá okkur, kallað „headhunting".

Mikilvægt að hafa ástríðu fyrir fólki

Þegar kemur að ráðningum þá er mikilvægt að vera skapandi, að mati Jensínu. „Með skapandi nálgun og starfsgleðina að vopni leitum við sífellt betri leiða að bættum árangri fyrir samstarfsaðila okkar. Við höfum þrjú grunngildi sem skilgreina hver við erum og hvað við gerum, sem eru ástríða, árangur og sköpunargleði. Þú verður að hafa ástríðu fyrir fólki til að vinna við þetta starf. Árangur annarra er okkar velgengni svo við leggjum gríðarlegan metnað í okkar starf. Við brennum fyrir það sem við erum að gera og sinnum viðskiptavinum okkar vel. Sköpunargleðin verður að vera með í ferlinu því það þarf ákveðna útsjónarsemi að tengja aðila saman. Mikilvægt er að gildi og sýn einstaklinga sé í takt við fyrirtækin sem þeir vinna fyrir. Að því leytinu til þurfum við að vera skapandi," segir Jensína.

Er starfsfólk að færa sig meira á milli vinnustaða nú en áður?

„Það sem gerðist í kórónuveirufaraldrinum og er umtalað í dag er að fólk tók stöðuna á lífi sínu og velta fyrir sér spurningum á borð við: Fyrir hvað stendur fyrirtækið sem ég vinn fyrir? Það fóru margir að rýna í eigin gildi og í kjölfarið varð meiri hreyfing á fólki á milli vinnustaða," segir Jensína og bætir við að almennt sé meiri hreyfing á yngra fólki en hinum sem eldri eru.

1034	Meðal	547	**SG Húseiningar ehf.**	Selfoss	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Baldur Pálsson	240	222	93%
1035	Lítið	174	**JW-Suðuverk ehf.**	Reykjanesbær	Eldsmíði og önnur málmsmíði; sindurmótun	Janusz Piotr Wyderski	195	161	82%
1036	Stórt	315	**Fóðurblandan ehf.**	Reykjavík	Framleiðsla húsdýrafóðurs	Úlfur Blandon	6.201	2.428	39%
1037	Lítið	175	**Hreinir Sveinar ehf.**	Hafnarfjörður	Flutningsþjónusta	Valdimar Óskar Jónasson	169	117	70%
1038	Lítið	176	**JS Gull ehf**	Reykjavík	Smásala á úrum og skartgripum í sérverslunum	Jón Sigurjónsson	195	121	62%
1039	Meðal	548	**Bollakot ehf**	Hvolsvöllur	Ræktun mjólkurkúa	Ólafur Þorri Gunnarsson	258	86	33%
1040	Meðal	549	**Freyja ehf.**	Kópavogur	Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói	Pétur Thor Gunnarsson	834	329	39%
1041	Lítið	177	**RAFMENNT ehf.**	Reykjavík	Önnur ótalin fræðslustarfsemi	Þór Pálsson	127	63	50%
1042	Lítið	178	**Raðhús ehf.**	Sauðárkrókur	Stórmarkaðir og matvöruverslanir	Ásgeir Björgvin Einarsson	189	133	70%
1043	Meðal	550	**Sólheimar ses.**	Selfoss	Dvalarheimili á sviði þroskahömlunar, geðheilbrigðis og vímuefnamisn.	Kristinn Ólafsson	225	80	35%
1044	Lítið	179	**RS partar ehf.**	Reykjavík	Heildverslun með varahluti og aukabúnað í bíla	Rúnar Svavarsson	170	48	28%
1045	Lítið	180	**Endurskoðunarstofan Álit ehf**	Akranes	Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	Jón Þór Hallsson	185	105	57%
1046	Lítið	181	**ASK Arkitektar ehf.**	Reykjavík	Starfsemi arkitekta og skyld tæknileg ráðgjöf	Helgi Már Halldórsson	158	90	57%
1047	Stórt	316	**Norlandair ehf.**	Akureyri	Farþegaflutningar með leiguflugi	Arnar Friðriksson	2.069	1.092	53%
1048	Meðal	551	**KAT ehf.**	Reykjavík	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Lilja Björk Ólafsdóttir	949	315	33%
1049	Lítið	182	**Stálorka ehf.**	Hafnarfjörður	Viðgerðir og viðhald á skipum og bátum	Gunnar Óli Sigurðsson	165	66	40%
1050	Meðal	552	**Funi ehf.**	Kópavogur	Smásala á járn- og byggingarvöru í sérverslunum	Arnar Þór Friðgeirsson	358	132	37%
1051	Meðal	553	**Corivo ehf.**	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Finnur Þór Erlingsson	455	165	36%
1052	Lítið	183	**Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar ehf.**	Akranes	Heildverslun með timbur, byggingarefni og hreinlætistæki	María S Sigurðardóttir	146	77	53%
1053	Lítið	184	**Hafnarbræður ehf.**	Hafnarfjörður	Heildverslun með fatnað og skófatnað	Jóhann Þórir Jóhannsson	126	59	47%
1054	Meðal	554	**Baggalútur ehf.**	Hafnarfjörður	Sjónvarpsútsendingar og dagskrárgerð	Bragi Valdimar Skúlason	214	142	66%
1055	Lítið	185	**Gunnbjörn ehf**	Selfoss	Blandaður búskapur	Arnar Bjarni Eiríksson	141	47	33%
1056	Stórt	317	**Umbúðamiðlun ehf.**	Mosfellsbær	Leiga á öðrum ótöldum vélum og búnaði	Hilmar Arnfjörð Sigurðsson	1.140	599	53%

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Einungis um 2% íslenskra fyrirtækja eru Framúrskarandi fyrirtæki 2024 samkvæmt greiningu CREDITINFO.

Við erum stolt af því að vera framúrskarandi

GA SMÍÐAJÁRN Stoltir í stálinu síðan 1970
Sign
sýn
VÖRUMIÐLUN
HS ORKA
Vík efnalaug
Parki INTERIORS
Rafkaup
ALMA VERK
HESTA SPORT Simply more fun...
vatnsvit
RUN2
ER VERK
MOSFELLSBAKARÍ
ALMA
FAGKAUP
Pipar\TBWA
BLIKKSMIÐURINN ÞEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA
LANDSNET
STJÖRNUBLIKK
VÖRUVERND
Aðalmúr
KRÓNAN
BJ Vinnuvélar ehf
Stólpi Gámar
SUÐURVERK
EIMSKIP

Vegna mistaka í töflu er pdf-útgáfa óðruvísi en prentuð útgáfa blaðsins sem dreift var með Morgunblaðinu.

Framúrskarandi fyrirtæki 2024 (síða 13 af 14)

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Röð	Stærðarfl. og röð innan fl.		Nafn	Staður	Atvinnugrein	Nafn framkvæmdastjóra	Eignir	Eigið fé	Eigin-fjárhlutf.
1057	Meðal	555	**Stormur ehf.**	Reykjavík	Blönduð heildverslun	Ásdís Skúladóttir	565	161	28%
1058	Meðal	556	**Þ.Þorgrímsson & Co ehf.**	Reykjavík	Heildverslun með timbur, byggingarefni og hreinlætistæki	Þorgrímur Þór Þorgrímsson	319	134	42%
1059	Lítið	186	**Hestasport - Ævintýraferðir ehf.**	Varmahlíð	Ferðaskipuleggjendur	Magnús Sigmundsson	136	78	57%
1060	Lítið	187	**Urta Islandica ehf.**	Hafnarfjörður	Ræktun jurta til drykkjargerðar	Þóra Þórisdóttir	156	67	43%
1061	Meðal	557	**Eðallagnir ehf.**	Akranes	Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa	Jón Bjarni Gíslason	418	376	90%
1062	Lítið	188	**Rögg ehf**	Reykjavík	Hugbúnaðargerð	Baldvin Hansson	171	83	49%
1063	Meðal	558	**Stokkhylur ehf.**	Hafnarfjörður	Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	Guðni Hafsteinn Gunnarsson	238	129	54%
1064	Lítið	189	**Stóru-Tjarnir ehf**	Húsavík	Ræktun mjólkurkúa	Ásvaldur Ævar Þormóðsson	124	71	57%
1065	Lítið	190	**Bjartur ehf**	Hólmavík	Akstur vörubíla	Gauti Már Þórðarson	141	72	51%
1066	Lítið	191	**Tannheilsa ehf.**	Reykjavík	Tannlækningar	Stefán Pálmason	141	88	62%
1067	Meðal	559	**Útgerðarfélagið Dvergur hf.**	Ólafsvík	Útgerð fiskiskipa	Sigtryggur S Þráinsson	228	214	94%
1068	Meðal	560	**Mikael ehf**	Höfn í Hornafirði	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Kristján Vilhelm Gunnarsson	518	131	25%
1069	Lítið	192	**SHP consulting ehf.**	Reykjavík	Heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki	Sverrir Hermann Pálmarsson	174	132	75%
1070	Meðal	561	**Já hf.**	Reykjavík	Önnur ótalin starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	Eðvald Ingi Gíslason	660	510	77%
1071	Meðal	562	**VM vélar ehf.**	Kópavogur	Leiga á öðrum ótöldum vélum og búnaði	Georg Gíslason	240	216	90%
1072	Lítið	193	**ÞH Blikk ehf.**	Selfoss	Vélvinnsla málma	Þröstur Hafsteinsson	182	47	26%
1073	Meðal	563	**Katla ehf,byggingarfélag**	Dalvík	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Jón Ingi Sveinsson	342	107	31%
1074	Lítið	194	**Steinný ehf.**	Skagaströnd	Blandaður búskapur	Kristján S Kristjánsson	136	80	59%
1075	Meðal	564	**Aurora Hunters ehf.**	Garðabæ	Aðrir farþegaflutningar á landi	Iurie Belegurschi	354	84	24%
1076	Stórt	318	**Löður ehf.**	Reykjavík	Bón- og þvottastöðvar	Auður Daníelsdóttir	1.536	441	29%
1077	Lítið	195	**RUN2 ehf.**	Reykjavík	Önnur ótalin heilbrigðisþjónusta	Fjóla Signý Hannesdóttir	135	68	50%
1078	Meðal	565	**Fang logistics ehf.**	Reykjavík	Blönduð heildverslun	Kristmann Þór Pálmason	681	157	23%
1079	Lítið	196	**Héraðsprent ehf**	Egilsstaðir	Önnur prentun	Þráinn Skarphéðinsson	171	149	88%
1080	Lítið	197	**Gráhóll ehf.**	Selfoss	Mjólkurbú og ostagerð	Ágúst Ingi Ketilsson	184	88	48%
1081	Stórt	319	**Víkurverk ehf.**	Kópavogur	Blönduð heildverslun	Arnar Þórarinn Barðdal	1.748	538	31%
1082	Meðal	566	**Nesbræður ehf.**	Akureyri	Undirbúningsvinna á byggingarsvæði	Gunnar Helgi Gunnarsson	635	152	24%
1083	Meðal	567	**Svalþúfa ehf**	Hafnarfjörður	Söltun, þurrkun og hersla fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Magnús Gylfason	837	390	47%
1084	Meðal	568	**Lambhagabúið ehf**	Hella	Ræktun mjólkurkúa	Guðmundur Ómar Helgason	396	145	37%
1085	Lítið	198	**Alkemia ehf.**	Akureyri	Ferðaskrifstofur	Jean-Marc Plessy	176	144	82%
1086	Lítið	199	**Íslensk hollusta ehf.**	Hafnarfjörður	Eiming, hreinsun og blöndun áfengra drykkja	Ragnheiður Axel Eyjólfsdóttir	154	71	46%
1087	Meðal	569	**Blikkiðjan ehf**	Garðabæ	Vélvinnsla málma	Höður Guðlaugsson	207	188	91%
1088	Lítið	200	**S.B. Heilsa ehf.**	Vestmannaeyjar	Veitingastaðir	Sigurður Friðrik Gíslason	137	61	44%
1089	Stórt	320	**VOOT BEITA ehf.**	Reykjavík	Umboðsverslun með fisk og fiskafurðir	Vignir Óskarsson	1.384	340	25%
1090	Meðal	570	**Morenot Ísland ehf.**	Reykjavík	Heildverslun með skipsbúnað, veiðarfæri og fiskvinnsluvélar	Magnús Jón Smith	444	155	35%
1091	Meðal	571	**Á. Óskarsson og Co ehf.**	Mosfellsbær	Heildverslun með aðrar vörur til heimilisnota	Heiðar Reyr Ágústsson	256	126	49%
1092	Meðal	572	**Grasnytjar ehf.**	Ölfus	Framleiðsla á bragðefnum og kryddi	Sigríður Helga Sveinsdóttir	254	83	32%
1093	Lítið	201	**Vélsmiðjan Þristur ehf.**	Ísafjörður	Vélvinnsla málma	Kristinn Mar Einarsson	186	60	32%
1094	Lítið	202	**Lín Design**	Kópavogur	Smásala á öðrum ótöldum heimilisbúnaði í sérverslunum	Guðrún Katrín J Gísladóttir	134	78	59%
1095	Lítið	203	**G.G. lagnir ehf.**	Reykjavík	Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa	Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson	198	129	65%

Leiðandi í miðlun vátrygginga í meira en 25 ár

TMÍ

TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Vegna mistaka í töflu er pdf-útgáfa öðruvísi en prentuð útgáfa blaðsins sem dreift var með Morgunblaðinu.

Framúrskarandi fyrirtæki 2024 (síða 14 af 14)

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Röð	Stærðarfl. og röð innan fl.		Nafn	Staður	Atvinnugrein	Nafn framkvæmdastjóra	Eignir	Eigið fé	Eigin-fjárhlutf.
1096	Lítið	204	**Þ. Hansen ehf.**	Sauðárkrókur	Akstur vörubíla	Jóhannes Friðrik Þórðarson	157	61	39%
1097	Lítið	205	**Bílapartar ehf.**	Mosfellsbær	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla	Bára Einarsdóttir	140	107	76%
1098	Lítið	206	**PALMARK ehf.**	Reykjavík	Starfsemi arkitekta og skyld tæknileg ráðgjöf	Pálmar Kristmundsson	126	96	77%
1099	Lítið	207	**Rafvirkni ehf**	Kópavogur	Raflagnir	Magnús Jaroslav Magnússon	169	50	30%
1100	Lítið	208	**SIGN ehf.**	Hafnarfjörður	Leiga atvinnuhúsnæðis	Guðný Katla Guðmundsdóttir	128	48	38%
1101	Lítið	209	**Félagsbúið Halllandi ehf**	Akureyri	Blandaður búskapur	Máni Guðmundsson	193	77	40%
1102	Meðal	573	**Eimverk ehf.**	Garðabæ	Eiming, hreinsun og blöndun áfengra drykkja	Haraldur Haukur Þorkelsson	267	89	33%
1103	Meðal	574	**B.J. vinnuvélar ehf.**	Þórshöfn	Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi	Þórir Jónsson	273	120	44%
1104	Lítið	210	**Augljós laser augnlækningar ehf.**	Reykjavík	Sérfræðilækningar	Þórunn Elva Guðjohnsen	140	107	76%
1105	Meðal	575	**Nesey ehf.**	Selfoss	Undirbúningsvinna á byggingarsvæði	Árni Svavarsson	411	305	74%
1106	Lítið	211	**Trésmiðjan Stígandi ehf.**	Blönduós	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Guðmundur Þór Elíasson	120	56	46%
1107	Meðal	576	**Eðalbyggingar ehf.**	Selfoss	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Baldur Pálsson	747	219	29%
1108	Lítið	212	**Fiskvinnslan Drangur ehf.**	Drangsnes	Önnur ótalin vinnsla fiskafurða, krabbadýra og lindýra	Óskar Albert Torfason	141	51	36%
1109	Lítið	213	**Rafborg ehf.**	Reykjavík	Blönduð heildverslun	Dagný Guðmundsdóttir	135	119	88%
1110	Meðal	577	**Lax-á ehf.**	Kópavogur	Ferðaskrifstofur	Árni Þormar Baldursson	268	170	63%
1111	Lítið	214	**Kósk ehf.**	Reykjavík	Heildverslun með heimilistæki, útvörp, sjónvörp og tengdar vörur	Guðný Ósk Ólafsdóttir	125	71	57%
1112	Meðal	578	**Króksverk ehf.**	Sauðárkrókur	Undirbúningsvinna á byggingarsvæði	Ásmundur Jósef Pálmason	309	129	42%
1113	Lítið	215	**PGV Framtíðarform ehf.**	Grindavík	Framleiðsla á öðrum trésmíðavörum til bygginga	Gísli Jóhann Sigurðsson	191	79	42%
1114	Meðal	579	**Grímur kokkur ehf.**	Vestmannaeyjar	Framleiðsla á tilbúnum máltíðum og réttum	Grímur Þór Gíslason	269	95	35%
1115	Meðal	580	**Bjartsýnn ehf**	Ólafsvík	Útgerð smábáta	Heiðar Magnússon	432	226	52%
1116	Meðal	581	**Aðalmúr ehf**	Reykjavík	Múrhúðun	Inga Dóra Kristjánsdóttir	241	147	61%
1117	Lítið	216	**ST 2 ehf**	Drangsnes	Útgerð fiskiskipa	Friðgeir Höskuldsson	166	122	73%
1118	Lítið	217	**Hraunhamar ehf.**	Hafnarfjörður	Fasteignamiðlun	Helgi Jón Harðarson	182	119	65%
1119	Lítið	218	**Vélaverkstæði Patreksfjarðar ehf.**	Patreksfjörður	Viðgerðir á vélbúnaði	Gunnar Sean Eggertsson	124	97	78%
1120	Meðal	582	**Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf.**	Reykjavík	Önnur ótalin heilbrigðisþjónusta	Kristinn Agnarsson Johnson	214	75	35%
1121	Meðal	583	**Provision ehf.**	Reykjavík	Smásala á gleraugum og sjóntækjum í sérverslunum	Sigrún Andersen	336	213	64%
1122	Lítið	219	**Trix ehf**	Selfoss	Leiga atvinnuhúsnæðis	Haraldur Þór Jónsson	192	55	29%
1123	Lítið	220	**Títan fasteignafélag ehf**	Kópavogur	Leiga atvinnuhúsnæðis	Viðar Halldórsson	191	165	86%
1124	Meðal	584	**Heflun ehf**	Hella	Undirbúningsvinna á byggingarsvæði	Skarphéðinn Hilbert Ingason	295	136	46%
1125	Lítið	221	**MEBA-Magnús E. Baldvinsson ehf.**	Reykjavík	Smásala á úrum og skartgripum í sérverslunum	Björn Árni Ágústsson	153	101	66%
1126	Meðal	585	**Álnabær ehf.**	Reykjavík	Smásala á teppum, mottum, gluggatjöldum, vegg- og gólfefnum	Ellert Þór Magnason	250	145	58%
1127	Lítið	222	**Gröfuþjónusta Steins ehf**	Selfoss	Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi	Steinn Þórarinsson	159	125	79%
1128	Lítið	223	**Vélsmiðjan Altak ehf.**	Reykjavík	Vélvinnsla málma	Gunnar Pétursson	123	119	97%
1129	Meðal	586	**Spíra ehf.**	Sauðárkrókur	Hótel og gistiheimili án veitingaþjónustu	Tómas Árdal	287	119	41%
1130	Lítið	224	**Prentmiðlun ehf.**	Álftanes	Blönduð heildverslun	Eyþór Páll Hauksson	159	52	32%
1131	Meðal	587	**Landsprent ehf.**	Reykjavík	Prentun dagblaða	Guðbrandur Magnússon	365	180	49%
1132	Lítið	225	**GÓK húsasmíði ehf**	Bolungarvík	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	Guðmundur Óli Kristinsson	124	92	74%
1133	Lítið	226	**Bólstrarinn ehf.**	Reykjavík	Viðgerðir á húsgögnum og áklæðum	Hafsteinn Gunnarsson	121	62	52%

Lykiltölur nokkurra veitingastaða

Velta rekstrarárið 2023



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Lykiltölur nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja

Velta rekstrarárið 2023



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Framúrskarandi fyrirtæki sem greiddu hæstu skatta á rekstrarárinu 2023

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nr.	Nafn	Tekju- og eignaskattar
1	Landsvirkjun	17.487
2	Síldarvinnslan hf.	2.556
3	Reitir fasteignafélag hf.	2.546
4	Embla Medical hf.	2.343
5	Brim hf.	1.819
6	Eimskipafélag Íslands hf.	1.783
7	Össur Iceland ehf.	1.472
8	Eik fasteignafélag hf.	1.465
9	Félagsbústaðir hf.	1.383
10	Vinnslustöðin hf.	1.329
11	Ísfélag hf.	1.323
12	Kaupfélag Skagfirðinga svf.	1.084
13	Hagar hf.	1.067
14	Heimar hf.	1.004
15	Landsnet hf.	877
16	Marel hf.	768
17	Hagar verslanir ehf.	737
18	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	719
19	Festi hf.	698
20	Eimskip Ísland ehf.	689

Ferðaþjónustan á
HELLISHÓLUM
býður uppá hótelgistingu, sumarbústaði,
golfvöll, tjaldstæði, veiðivatn
og veitingastaðinn Hygge.

Hellishólar ehf • Hellishólum • 861-Hvolsvöllur • Sími 354 487 8360
hellisholar@hellisholar.is • hellisholar.is • hoteleyjafjallajokull.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Hlutfall helstu atvinnugreina meðal Framúrskarandi fyrirtækja 2010-2024



Lykiltölur nokkurra byggingarfyrirtækja

Velta rekstrarárið 2023



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Kynjahlutföll framkvæmdastjóra Framúrskarandi fyrirtækja 2023





Hlutfall kvenna í stjórnum Framúrskarandi fyrirtækja

Lykiltölur nokkurra ferðaþjónustufyrirtækja

Velta rekstrarárið 2023



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Ársniðurstaða rekstrarárin 2020-2022



ÍÞAKA
FASTEIGNAFÉLAG

Framúrskarandi fyrirtæki 2022-2024

Verslunar-, skrifstofu- og þjónusturými

DALVEGUR 30A

Glæsilegt framtíðarhúsnæði tilbúið til afhendingar haustið 2026

ITHAKA.IS ithaka@ithaka.is 595 7800

Þróun ársreikningsstærða hjá Framúrskarandi fyrirtækjum 2024

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna





NÝMÓT
BYGGINGAVERKTAKAR

Nýmót ehf. er byggingarfyrirtæki stofnað árið 2000 af þeim Hermanni Arasyni og Ingþóri Óla Thorlacius. Í upphafi voru starfsmenn eingöngu stofnendurnir tveir en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt í takt við umfang og verkefni fyrirtækisins. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 35 starfsmenn við nýbyggingar og viðhald eldri húsa. Fyrirtækið er byggt á traustum grunni og hefur staðið af sér sveifur í efnahagslífi. Nýmót er aðalverktaki með allar iðngreinar undir sinni stjórn. Víðtæk þekking og reynsla er í hópi starfsmanna Nýmóta.

Hlutverk Nýmóta er nýbygging vandaðra húsnæða og endurnýjun eldra húsnæðis í samræmi við óskir viðskiptavinarins með þjónustu og eftirfylgni að leiðarljósi. Frá stofnun fyrirtækisins hefur fyrirtækið tekið að sér fjöldan allan af fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við tökum að okkur verkefni í alvertöku og sjáum um að útvega byggingarstjóra og iðnmeistara að verkunum. Fyrirtækið starfar náið með arkitektum og verkfræðistofum og kemur að ráðgjöf minni sem stærri verkefna. Við tökum að okkur byggingastjórn á verkum sem felur í sér að öll ábyrgð er á höndum fyrirtækisins og tenging við byggingaryfirvöld. Unnið er eftir viðurkenndum gæðakerfum. Ef óskað er eftir tekur Nýmót að sér að leita tilboða í verkþætti.

Gæði
Traust
Áreiðanleiki

Þróun ársreikningsstærða hjá Framúrskarandi fyrirtækjum 2024

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna





STERKIR Í STÁLGRINDARHÚSUM
Einn staður - Allar lausnir!

Jarðvinna | Steypuvinna | Stálgrindarhús | Innivinna | Fullnaðarfrágangur

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Veltumestu Framúrskarandi fyrirtækin rekstrarárið 2023

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nr.	Nafn	Rekstrartekjur alls
1	Marel hf.	259.071
2	Hagar hf.	173.952
3	Festi hf.	138.440
4	Eimskipafélag Íslands hf.	124.543
5	Brim hf.	121.335
6	Hagar verslanir ehf.	113.955
7	Embla Medical hf.	107.272
8	Landsvirkjun	89.543
9	Eimskip Ísland ehf.	69.352
10	Krónan ehf.	63.478
11	Síldarvinnslan hf.	55.120
12	Olís ehf.	52.712
13	Kaupfélag Skagfirðinga svf.	52.608
14	Hampiðjan hf.	48.480
15	Auðhumla svf.	47.342
16	Skeljungur ehf.	47.185
17	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	45.422
18	Mjólkursamsalan ehf.	40.712
19	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	36.231
20	Vinnslustöðin hf.	36.048

Hversu oft hafa Framúrskarandi fyrirtæki verið á lista



Framkvæmdastjórar Framúrskarandi fyrirtækja eftir aldurshópum





Við þrífum allt fyrir þig

Veggir, gólf, loft, gluggar, bílakjallarar, bílastæði og háþrýstiþvottur.

Hafðu samband og við mætum

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Dalshraun 6 | 220 Hafnarfjörður | 581 4000 | solarehf.is | solarehf@solarehf.is

Lykiltölur nokkurra fjármála- og tryggingafyrirtækja

Velta rekstrarárið 2023



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Ársniðurstaða rekstrarárin 2021-2023



RÉTTUR STAÐUR SÍÐAN 1957

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957
EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

Svona lítur dæmigert Framúrskarandi fyrirtæki út

Allar tölur eru miðgildi

VIÐ KUNNUM AÐ
META EIGNINA ÞÍNA

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUNI 10, 220 HAFNARFIRÐI | S: 520 7500 | HRAUNHAMAR.IS

Landsnet er framúrskarandi fyrirtæki 2024

Stingum öllu landinu í samband

Með nýrri kynslóð byggðalínu stingum við öllu landinu í samband – þannig færum við ykkur lífsgæði, öryggi og ný tækifæri.

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

Cozy Campers

Birkir Már Benediktsson

Cozy Campers er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og útleigu á vel útbúnum ferðabílum fyrir þá sem vilja upplifa ævintýri á Íslandi.

Birkir Már Benediktsson, eigandi Cozy Campers, stofnaði fyrirtækið árið 2015.

Meira eins og fjölskylda en fyrirtæki

Cozy Campers er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og útleigu á vel útbúnum ferðabílum fyrir þá sem vilja upplifa ævintýri á Íslandi,“ segir Birkir Már Benediktsson, stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem nýverið var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2024. „Áður en ég stofnaði Cozy Campers rak ég bifreiðaverkstæði með Róberti Benediktssyni bróður mínum. Eftir þrjú ár í rekstri áttaði ég mig á því að sá iðnaður væri takmarkaður þegar kæmi að vaxtarmöguleikum. Á sama tíma var ferðaþjónustan að blómstra, og það voru fleiri „camperar“ á götum úti. Ég tók hins vegar eftir því að gæðum bílanna var ábótavant. Mér fannst innréttingarnar illa smíðaðar og sjálfur hefði ég ekki viljað ferðast í þessum bílum. Ég vissi strax að ég gæti gert betur. Eftir stutta umhugsun og rannsóknarvinnu ákvað ég að stofna Cozy Campers,“ segir Birkir.

Fyrirtækið var stofnað árið 2015 og voru rekstrartekjur félagsins 26,7 milljónir árið 2016. „Tekjur ársins 2022 voru 329 milljónir og hagnaður 13,4 milljónir. Eigið fé var í lok þess árs 62 milljónir svo fyrirtækið er stöðugt að vaxa, bæði í stærð bílaflotans og í fjölda útleigudaga.

Árið 2023 var sérstaklega gott ár þar sem tekjurnar voru 489 milljónir króna. Á þessu ári áætlum við að vera með um 691 milljón króna í tekjur. Þessar tölur sýna að við höfum verið að auka umsvifin, ekki aðeins í fjölda bíla heldur einnig í umfangi þjónustunnar,“ segir Birkir og bætir við að stöðurnar í fyrirtækinu séu nú orðnar tuttugu talsins.

Lögð er áhersla á gæði og er stöðugt leitað leiða til að bæta bílaflota og þjónustu.

Samvinna eins og hún gerist best

Það þarf mikla útsjónarsemi til að anna eftirspurninni sem hefur verið eftir bílum Birkis. „Þróunin hefur verið afar jákvæð frá upphafi. Sem dæmi má nefna að árið 2015 var ég með níu bíla en árið 2023 enduðum við með rúmlega 90 bíla í flotanum. Árið í ár er það veigamesta í sögu fyrirtækisins, þar sem við munum vera með rúmlega 130 bíla í útleigu,“ segir Birkir og bætir við að það sé gaman að vinna í fyrirtækinu. „Ég legg áherslu á opnar samskiptaleiðir svo hver starfsmaður skynji ábyrgð sína og mikilvægi í rekstrinum. Í rauninni erum við meira eins og fjölskylda en fyrirtæki. Við trúum því að með skilvirkri samvinnu séum við betur í stakk búin til að skila framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina okkar.“

Birkir segir að lykillinn að því að vera framúrskarandi fyrirtæki sé gamla góða vinnusemin. „Frá fyrsta degi hef ég haft það að markmiði að skara fram úr með betri vöru og þjónustu en samkeppnisaðilar bjóða, en á sambærilegu verði. Lykillinn að þessu hefur verið gamla góða vinnusemin, trú á vörunni og útsjónarsemi í rekstri. Við leggjum einnig mikla áherslu á gæði og leitum stöðugt leiða til að bæta bæði bílaflota okkar og þjónustuna. Við hlustum á viðskiptavini okkar og leggjum metnað í að veita framúrskarandi þjónustu. Teymið okkar er ómetanlegt. Í raun má segja að án metnaðarfullra starfsmanna væri þetta ekki mögulegt. Til að mynda kom systir mín, Harpa Sól Benediktsdóttir, inn í félagið tveimur árum eftir stofnun þess. Hún hefur verið burðarás í uppbyggingunni,“ segir Birkir og bætir við að það sé ómetanlegt að geta unnið með vinum og fjölskyldunni. „Fólki sem ég treysti og deili sömu sýn með. Það er afar gefandi að byggja upp fyrirtæki með öðrum þar sem allir eru á sömu blaðsíðunni,“ segir Birkir.

Það vekur athygli að sonur Birkis, hann Aron Ágúst, hefur einnig léð fyrirtækinu krafta sína. „Já. Hann hefur heldur betur látið til sín taka og kemur sterkur inn í reksturinn. Hann er ótrúlega skipulagður og gerir allt svo vel. Í raun má segja að framlag Arons hafi reynst ómissandi í daglegum rekstri því hann sér um að ferla allt og að bæta skilvirknina.“

Fyrirtækjarekstur ekki bara dans á rósum

Birkir er á því að aldrei megi taka augun af rekstrinum. „Að stofna fyrirtæki og sjá það vaxa er eins og að ala upp barn. Í upphafi fylgir því oft lítill svefn og andvökunætur þar sem farið er í gegnum mörg krefjandi tímabil. Þrátt fyrir þetta elskar þú það sem þú hefur skapað og berst fyrir því af öllum mætti. Þú fylgist með því taka sín fyrstu skref, styður það og leiðbeinir og vonar að dagurinn komi þar sem það getur gengið sjálft,“ segir hann.

Aðspurður hvað standi upp úr frá því Cozy Campers var stofnað segir hann: „Mér þykir vænst um hversu langt við höfum komist og að sjá ánægju ferðamanna sem upplifa Ísland á bílum frá okkur. Það er einnig ómetanlegt að hafa byggt upp fyrirtæki sem hefur skapað störf og orðið hluti af ferðamannaiðnaðinum.“

Það er þó enginn dans á rósum að hasla sér völl í nýrri grein. „Það sem var erfiðast í upphafi var að vera eins manns teymi með nánast ekkert fjármagn og fyrstu árin einkenndust af mjög mikilli vinnu þar sem ég hitti hvorki fjölskyldu né vini. Það var opið sjö daga vikunnar og unnið bókstaflega frá morgni til kvölds. Það var ekki í boði að vera veikur þannig að ég forðaðist hóstandi fólk eins og heitan eldinn. Á kvöldin var ég að svara tölvupóstum, þvo sængurföt, skipta um dekk og að laga bíla. Á daginn var ég svo á ferðinni með fulla vasa af bíllyklum og posa í jakkavasanum að hitta viðskiptavini út um allan bæ. Við vorum ekki með bílastæði þannig að ég lagði bílunum okkar hingað og þangað og færði þá til eftir þörfum. Á sama tíma var ég líklega besti viðskiptavinur Flybus þar sem ég keyrði með bílana til Keflavíkur, afhenti á flugstöðinni og tók svo rútuna aftur í bæinn,“ segir hann og bætir við að aldrei hafi honum dottið í hug að gefast upp þó á brattann hafi verið að sækja.

Skiptir máli að fá inn fjárfesta með þekkingu

Það urðu vendingar í rekstrinum þegar Birkir náði að laða fjárfesti að borðinu. „Eftir tvö ár í rekstri með eldri bíla, með því viðhaldi og viðgerðum sem þeim fylgja, komst ég að því að ég gæti ekki náð þeim árangri sem ég sá fyrir mér nema að vera með nýja bíla. Til að það gæti orðið að veruleika þurfti ég fjármagn. Ég bjó til fjárfestakynningu, viðskiptaáætlun og allt sem því fylgir og leitaði til fjármálafyrtækjanna en fékk ekki beint hátíðlegar viðtökur. Þeim hefur greinilega ekki litist á strákinn úr Breiðholtinu,“ segir Birkir og brosir. Það var svo fyrir röð tilviljanna að hann kynntist fjárfesti sem hafði trú á viðskiptahugmyndinni. „Kannski var þetta meira að segja ekki tilviljun en ég kynntist fjárfesti sem hafði raunverulegan áhuga og mikla trú á fyrirtækinu og hefur hann reynst ómetanlegur í vexti félagsins. Á þessum tímapunkti uppgötvaði ég að félagið þyrfi ekki bara fjárfesti með fjármagn heldur einhvern sem gæti hjálpað okkur að vaxa með ráðgjöf og sterku tengslaneti. Af þessu dró ég þann lærdóm að teymið skjptir öllu máli og að vera með réttu manneskjuna í hverri stöðu. Það er lykilatriði í mínum huga,“ segir hann.

Viðskiptavinir Cozy Campers eru nær eingöngu erlendir ferðamenn en Íslendingar hafa stutt dyggilega við Birki þegar kemur að þjónustu við fyrirtækið. „Mér er minnisstæður einn erfiðasti sólarhringur sem ég hef upplifað í þeirri vegferð að koma fyrirtækinu á koppinn. Eitt kvöldið fæ ég símtal frá viðskiptavini sem segir mér frá því að gírkassinn í bíl við Jökulsárlón sé ónýtur. Ég hafði engan varabíl en sem betur fer hafði ég verið að smíða nýjan „camper“ og lét ég vita að ég myndi koma með hann næsta dag. Ég vann alla nóttina við að klára bílinn og fór svo á partasölu að sækja gírkassa úr notuðum bíl.

Það er huggulegt inni í bílum Birkis og eru erlendir ferðamenn ánægðir með að geta skoðað landið á bílum frá Cozy Campers.



Kvöldsólin séð úr bíl frá Cozy Campers.

Glæsilegir bílar Cozy Campers sjást víða um landið enda vinsæll valkostur ferðalanga.

Það var laugardagur og partasalan var lokuð. Ég ákvað að gera það eina sem mér datt í hug á þessari stundu sem var að skríða undir lokað hliðið, skrúfa kassann úr einum bílnum og skilja eftir miða þar sem á stóð: „Tók gírkassa, kveðja Birkir“. Með kassann í skottinu brunaði ég af stað. Á leiðinni tala ég við félaga minn á Höfn sem bauð mér verkstæðið sitt svo ég gæti skipt um kassann. Ég hitti síðan viðskiptavininn við Jökulsárlón sem var himinlifandi að fá nýja bílinn. Ég náði að koma bilaða bílnum af stað í þriðja gír og komst þannig til Hafnar þar sem engin bílalyfta var til staðar. Þannig að við notuðum lyftara til að halda honum uppi á meðan ég skipti um kassa. Þetta hafðist að lokum og allt er gott sem endar vel. Eða hvað? Neyðarsíminn hringdi og ég tæklaði það mál. Eftir símtalið legg ég loksins af stað heim, en átta mig nokkrum kílómetrum síðar á því að ég hafi gleymt símanum á húddinu! Þá var ég orðinn svo örmagna af þreytu og svefnleysi, að mér var eiginlega bara alveg sama,“ segir Birkir og brosir ánægður að vera kominn í gegnum þetta tímabil.

Horfir björtum augum á framtíðina

Þegar kemur að framtíðinni þá er von á frekari stækkun á næstu misserum. „Við horfum björtum augum til framtíðar og erum að vinna í að stækka reksturinn. Við höfum í hyggju að færa okkur frá Kársnesinu þar sem við erum nú með höfuðstöðvar til Keflavíkur. Það er ekki einungis vegna þess að núverandi húsnæði er orðið of lítið en við erum í raun í fimm mismunandi húsum á Kársnesi. Heldur einnig vegna þess að stór hluti viðskiptavina okkar kemur beint frá Keflavíkurflugvelli. Þessi staðsetning mun gera okkur kleift að bæta þjónustuna við viðskiptavini og einfalda afhendingu bílanna. Það mun jafnframt auka skilvirkni í rekstrinum með stórauknum bílaflota. Þó okkur líði vel á Kársnesinu hefur þessi uppskipting ekki reynst hagkvæm til lengdar,“ segir Birkir og bætir við að fyrirtækið verði líklegast með rúmlega 150 bíla í flotanum á næsta ári. „Þetta mun tryggja að við getum mætt aukinni eftirspurn og bætt upplifun ferðamanna enn frekar,“ segir Birkir Már Benediktsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Cozy Campers.

Ofanleiti 2 / sími 422 8000 / verkis.is

Topp 20 nýliðar eftir ársniðurstöðu

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nr.	Nafn	Ársniðurstaða
1	Eimskip Ísland ehf.	6.183
2	Bílaumboðið Askja ehf.	1.348
3	Brimborg ehf.	980
4	Borgartún ehf.	812
5	Skeljungur ehf.	549
6	Mannvirki ehf.	478
7	Smyril Line Ísland ehf.	455
8	IREF ehf.	452
9	Sternum ehf.	337
10	Þverdalur ehf.	254
11	Stólpi Gámar ehf.	247
12	Landslög slf.	176
13	BBI ehf.	164
14	Alfreð ehf.	162
15	MA Verktakar ehf.	154
16	Metal ehf.	148
17	DENGSI ehf.	146
18	Vinnvinn ehf.	138
19	Teknik Verkfræðistofa ehf.	137
20	Geymslur ehf.	130

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

WWW.MALBIKSTODIN.IS
SÍMI: 5160500

Óskatak ehf

Óskatak ehf er ört stækkandi alhliða verktakafyrirtæki. Fyrirtækið hefur meðal annars annast gatnagerð, brúarsmíði, snjómokstur og margt fleira.

Við hjá Óskatak ehf leggjum mikið uppúr faglegum vinnubrögðum og að vandað sé til verka í þeim verkefnum sem við vinnum.

Framúrskarandi fyrirtæki 2021-2024

Óskatak ehf • Sími 893 8423

Topp 10 Framúrskarandi fyrirtæki með konu sem framkvæmdastjóra eftir ársniðurstöðu

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Nr.	Nafn	Framkvæmdastjóri	Ársniðurstaða
1	Hagar verslanir ehf.	Guðrún Eva Gunnarsdóttir	5.379
2	Olís ehf.	Ingunn Svala Leifsdóttir	3.628
3	Eimskip Ísland ehf.	Rósa Guðmundsdóttir	3.487
4	Festi hf.	Ásta Sigríður Fjeldsted	3.438
5	Sýn hf.	Herdís Dröfn Fjeldsted	2.109
6	Krónan ehf.	Guðrún Aðalsteinsdóttir	1.857
7	Vátryggingafélag Íslands hf.	Guðný Helga Herbertsdóttir	1.832
8	Bananar ehf.	Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir	1.599
9	Norvik hf.	Harpa Dögg Vífilsdóttir	1.410
10	Félagsbústaðir hf.	Sigrún Árnadóttir	1.383

Er gott loft í vinnunni?

Með þjónustusamningi við Hitatækni tryggir þú gott loft

Hitatækni hefur áratuga reynslu af að þjónusta loftræstikerfi

Helstu kostir góðrar loftræstingar eru:

- Ferskt og gott inniloft
- Meiri vellíðan
- Minni veikindi
- Aukin afköst
- Meiri starfsánægja
- Minni rekstrarkostnaður
- Minni líkur á myglu eða öðrum skemmdum á húsnæði

Eftirlit með loftgæðum á vinnnustöðum hefur stóraukist þar sem eftirlitsstofnanir gera nú kröfu um að fyrirtæki geri skriflega samninga um reglulegt viðhald og eftirlit á loftræstikerfum.

Hafðu samband og förum yfir málið!

Framúrskarandi fyrirtæki 2023-2024

Starfsmenn Hitatækni eru stoltir af því að vera í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi.

Hitatækni

Loftgæði eru lífsgæði

Smiðjuvegi 10
200 Kópavogur
Sími 588 6070
hitataekni.is

Dagar
Ingigerður Erlingsdóttir

Ingigerður Erlingsdóttir sviðstjóri fasteignaumsjónar hjá Dögum.

„Við hugsum um húsið fyrir þig“

Dagar eru rótgróið en framsækið fyrirtæki, sem á rætur sínar að rekja til ársins 1980. Hjá okkur starfa tæplega 800 manns. Starfsstöðvar eru í Garðabæ, á Reykjanesi og á Akureyri,“ segir Ingigerður Erlingsdóttir, byggingarverkfræðingur og sviðstjóri á sviði fasteignaumsjónar hjá Dögum, sem eru umsvifamikið fyrirtæki á markaði. „Sérhæfing okkar byggist á áratugareynslu, framsækni og frábæru starfsfólki. Við höfum einsett okkur að vera í fremstu röð í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Upphaflega sérhæfðum við okkur í ræstingum en áherslurnar hafa þróast mikið á síðustu árum. Dagar eru nú leiðandi þjónustufyrirtæki í heildrænni fasteignaumsjón og öðrum daglegum rekstri fyrirtækja. Allt frá ISO14001 og Svans-vottuðum ræstingum til tæknimála, viðburðahalds, húsvörslu og umsjónar með grænu bókhaldi. Verkefni okkar eru mjög fjölbreytt,“ segir Ingigerður og bætir við: „Undir fasteignaumsjón fellur húsvarsla, húsumsjón, fasteignarekstur, eldvarnir og þjónustuvefurinn okkar. Við erum með iðnaðarmenn á okkar snærum sem vinna að ýmsum verkefnum fyrir viðskiptavini okkar. Sérverkefnadeildina okkar þekkja vel þau fyrirtæki sem eru í daglegum ræstingum hjá okkur en meðal sérverkefna má nefna bón og bónleysingu, glugga- og glerþvott og aðrar hreingerningar svo eitthvað sé nefnt.“

Húseignir eru skemmtileg sérhæfing

Ingigerður færði sig til Daga frá Icelandair í febrúar á þessu ári og sér ekki eftir því. „Við erum einn stærsti aðilinn á okkar sviði og erum stöðugt að finna leiðir til að bæta upplifun viðskiptavina okkar. Við viljum auðvelda þeim lífið og gera meira fyrir þá sem við vinnum fyrir þannig að þeir þurfi ekki að huga að þeim málum sem við sérhæfum okkur í.“

Ingigerður var ásamt tveimur öðrum konum ráðin í framkvæmdastjórn og segir að það sé eðlilegt miðað við að fyrirtækið sé kvennafyrirtæki. „Við erum um 50 einstaklingar á Fasteignaumsjónarsviði, þar sem mikið er um að vera og mörg verkefni sem leysa þarf með skömmum fyrirvara. Við erum mjög stolt af þjónustustiginu okkar,“ segir Ingigerður og bætir við að þau séu mest á fyrirtækjamarkaði. „Viðskiptavinir okkar eru yfirleitt fyrirtæki eða stofnanir. Til dæmis sjáum við um rannsóknasetrið Borgir á Akureyri sem er við hliðina á háskólanum. Í húsnæðinu eru fjöldinn allur af mismunandi aðilum. Við útvegum húsvörð í fullt starf sem sér um að laga það sem kemur upp í húsnæðinu auk þess að veita leigjendum þjónustu svo sem að bóka fundarherbergi. Eigandi hússins er Reitir sem með okkar þjónustu geta sett athyglina á daglega umsýslu sína og við sjáum um allan daglegan rekstur fyrir leigjendur.“

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ingigerður er stolt af þjónustustigi fyrirtækisins.

Íslendingar aðeins of miklir reddarar

Ingigerður segir dýrmætt fyrir viðskiptavini að geta treyst þeim fyrir verkefnunum. „Fyrir smærri fyrirtæki bjóðum við upp á innlit eins oft og óskað er eftir mánaðarlega. Þjónustuáskriftin getur verið margvísleg, eftir stærð viðskiptavinarins. Markmiðið er að eigandinn þurfi með okkar þjónustu ekki að hugsa um húsið sitt. Í raun getur þú átt húsið og við hugsum um það fyrir þig.“

Hún segir ánægjulegt að starfa í fasteignaumsjón á Íslandi. „Við Íslendingar erum svo miklir reddarar í okkur og oft erum við komin í vesen með fasteignirnar okkar. Við einblínum vanalega ekki á fyrirbyggjandi aðgerðir. Að gera við lekann áður en myglan er komin,“ segir Ingigerður og bætir við: „En það horfir til betri vegar hjá okkur. Við viljum að húsnæði okkar sé í lagi og að starfsfólkinu okkar líði vel og að lekinn á þakinu sé ekki vanræktur. Mörg fyrirtæki hafa lent í heilsufarsveseni með starfsfólkið sitt vegna skemmda í húsnæði sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. Það er bagalegt,“ segir hún.

Vilja vera jákvætt fyrsta stop

Dagar eru í stöðugum vexti samhliða auknu þjónustuframboði við viðskiptavini sína og hefur velta félagsins aukist úr fimm milljörðum í sjö á síðastliðnum fjórum árum. „Undirliggjandi rekstur er góður og afkoman ásættanleg fyrir félag í okkar geira. Við sjáum áfram mikil tækifæri í eftirspurn eftir þjónustu í fasteignaumsjón og tengdri þjónustu,“ segir hún.

Talið er að deild Ingigerðar muni vaxa hratt á næstu árum. „Við viljum öll starfa í fyrirtæki sem gengur vel en það sem mér finnst áhugavert við Daga er sú staðreynd að við erum stundum fyrsti vinnustaður þeirra sem eru að festa rætur í landinu. Við lítum á það sem samfélagslega skyldu okkar að taka vel á móti þeim sem eru að flytja til landsins og sameinast fjölskyldum sínum. Við hjálpum okkar starfsfólki og lítum á það sem jákvæðan hlut ef við getum gert eitthvað til að leggja okkar af mörkum,“ segir hún.

Það sem hefur komið Ingigerði hvað mest á óvart í þessu samhengi er að þeir sem flytja til landsins, sem oft og tíðum eru vel menntaðir, virðast ekki fá störf sem hæfir menntun þeirra. „Við viljum vera þetta jákvæða fyrsta stopp og hjálpa svo starfsfólki að komast áfram á næsta stað. Hvort heldur sem er að vaxa í starfi hér eða að fá annað starf sem passar menntun þeirra betur.“

Í þessu samhengi er gaman að nefna að margir hafa byrjað í ræstingum en eru nú orðnir þjónustustjórar. „Við notum Bara tala, stafræna íslenskukennarann sem gengur mjög vel. Mér finnst það jákvætt og uppbyggilegt fyrir starfsfólk að fá stuðning við að læra tungumálið okkar. Við leggjum mikið upp úr því að allt starfsfólk sé ánægt í vinnunni og notum mánaðarlegar mælingar frá Moodup til að fylgjast með starfsánægjunni.“

Fyrirbyggjandi viðhald fasteigna margborgar sig

Ingigerður telur mikilvægt að vanda til nýbygginga. „Við erum að flýta okkur allt of mikið að byggja. Svo mikið að stundum er betra að eiga við gömlu einbýlishúsin en þau nýju. Ástæðan fyrir þessu er margþætt. Kannski var vandað meira til verka hér áður og meiri tími gefinn til að byggja húseignir. Svo er gott að hafa í huga að eldri húsin voru ekki eins einangruð og þétt og byggingar í dag, sem gerði það að verkum að það loftaði betur um húsin. Að mínu mati eiga opinberar stofnanir ekki að vera heilsuspillandi, né nokkrar aðrar húseignir. Við sjáum þó áberandi dæmi um þetta í skólahúsnæði þar sem mygluvesen er að koma upp. Við þurfum að leggja meiri áherslu á fyrirbyggjandi viðhald og eftirlit með fasteignum frá fyrsta degi til að koma í veg fyrir þrálátan rekstrarvanda svo sem myglu og kostnaðarsamt viðhald á síðari stigum, sem truflar starfsemina og rýrir notagildi og gæði eigna.“

Tölvukerfi Daga er sniðið að fasteignaumsjóninni þar sem viðskiptavinir geta skráð sig inn og lagt inn pöntun fyrir verkefnum sem þarf að sinna. „Við erum ótrúlega stolt af þeim flottu viðskiptavinum sem nýta sér þjónustu okkar og finnum fyrir gríðarlegri ánægju með samstarfið. Ég hlakka mikið til að halda áfram að aðstoða fólk og fyrirtæki í að fjárfesta í sínu húsnæði með þessum markvissa og hagkvæma hætti því fyrirbyggjandi viðhald margborgar sig til lengri tíma,“ segir Ingigerður Erlingsdóttir, sviðsstjóri á sviði fasteignaumsjónar hjá Dögum.

SEGWAY

Ferða- og vinnutæki

Snarler AT5L

499cc tveggja manna fjórhjól, 39 hestöfl.
Fjórhjóladrif, læsanleg mismunadrif fr. og aft.,
rafmagnsstýri, 25" dekk, 12" álfelgur, spil og dráttarkúla.

1.449.000 m/vsk.

Snarler AT6L

570cc tveggja manna fjórhjól, 44 hestöfl.
Fjórhjóladrif, læsanleg mismunadrif fr. og aft.,
rafmagnsstýri, 26" dekk, 14" beadlock, spil og dráttarkúla.

1.799.000 m/vsk.

Fugleman UT10X

1.000cc vinnubuggy með sturtupalli, 105 hestöfl.
Fjórhjóladrif, rafmagnsstýri, stór skjár með GPS,
27" dekk, 14" beadlock, spil og dráttarkúla.

3.299.000 m/vsk.

Einnig til stærri sex manna útfærsla á 3.999.000 kr.

Villain SX10X

1.000cc tveggja manna buggybíll, 105 hestöfl.
Fjórhjóladrif, rafmagnsstýri, stór skjár með GPS,
29" dekk, 14" beadlock, spil og dráttarkúla.

3.999.000 m/vsk.

Þú finnur allt um Segway ferða- og vinnutæki á hesja.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

HESJA

Hafnarfjörður *Selhellu 1:* ***546-0415*** | ***Akureyri*** *Frostagötu 2:* ***415-6415*** | ***hesja.is*** | ***hesja@hesja.is***

LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.

Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ · 2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.